



MATSÁÆTLUN

HOLTAVÖRÐUHEIÐARLÍNA 3

Holtavörðuheiðarlína 3

Viðbrögð við umsögnum um
umhverfismatsskýrslu

Unnið af: **VSÓ** RÁÐGJÖF

Fyrir Landsnet

Dagsetning: 23.04.2025

Efnisyfirlit

1	Inngangur.....	8
2	Viðbrögð við atriðum sem varðar landnotkun, eignarhald og samgöngur	10
2.1	Samráð eftir ákvörðun um aðalvalkost	10
	Ás Teitur Andrason.....	10
	Auður Hörn Freysdóttir	10
	Birgir Líndal Ingbórsson o.fl.....	10
	Oddný María Gunnarsdóttir	10
	Róbert Júlíusson	10
	Sigurður Erlendsson.....	10
	Teitur Jónsson.....	11
	Orkusalan	11
	Viðbrögð Landsnets	11
2.2	Vægiveinkunn áhrifa á landbúnað og skógrækt	12
	Þingeyrar	12
	Viðbrögð Landsnets	12
2.3	Aðgengi að vegslóðum.....	12
	Veiðifélag Miðfirðinga	12
	Vegagerðin	12
	Húnaþing vestra	12
	Viðbrögð Landsnets	12
2.4	Uppbygging vega og áhrif á vegi	13
	Mæva Marlene Urbschat	13
	Húnabyggð	13
	Kári Jónasson.....	13
	Vegagerðin	14
	Viðbrögð Landsnets	14
2.5	Samræmi við skipulag	15
	Forsætisráðuneytið.....	15
	Viðbrögð Landsnets	15
3	Viðbrögð við atriðum sem varðar náttúrufar, skógrækt og menningarminjar.....	15
3.1	Áhrif á vatnalíf og vistfræðilegt ástand vatnshlota	15
	Veiðifélag Laxár á Ásum og Blomstra ehf	15
	Veiðifélag Víðidalstunguheiðar	15
	Húnabyggð.....	16
	Forsætisráðuneytið.....	16
	Hafrannsóknastofnun	16
	Umhverfis- og orkustofnun	17

	Náttúruverndarstofnun.....	18
	Fiskistofa	18
	Náttúrufræðistofnun.....	18
	Forsætisráðuneytið.....	19
	Viðbrögð Landsnets	19
3.2	Áhrif á gróðurfar og votlendi	20
	Húnabyggð	20
	Veiðifélag Víðidalstunguheiðar	20
	Náttúrufræðistofnun.....	20
	Forsætisráðuneytið.....	21
	Viðbrögð Landsnets	21
3.3	Áhrif á fuglalíf	22
	Þingeyrar	22
	Húnabyggð	22
	Náttúruverndarstofnun.....	23
	Náttúrufræðistofnun.....	23
	Viðbrögð Landsnets	23
3.4	Áhrif á skógrækt	24
	Mæva Marlene Urbschat	24
	Skógræktarfélag Austur-Húnavetninga	24
	Land og skógur.....	25
	Viðbrögð Landsnets	26
3.5	Áhrif á vatnsvernd	27
	Umhverfis- og orkustofnun	27
	Viðbrögð Landsnets	27
3.6	Umfjöllun um kolefnisspor	27
	Marlene Urbschat.....	27
	Húnabyggð.....	27
	Umhverfis- og orkustofnun	28
	Viðbrögð Landsnets	28
3.7	Umfjöllun um jarðmyndanir.....	28
	Húnabyggð.....	28
	Náttúrufræðistofnun.....	28
	Viðbrögð Landsnets	29
3.8	Umfjöllun um náttúru- og hverfisvernd.....	29
	Húnabyggð.....	29
	Náttúruverndarstofnun.....	29
	Náttúrufræðistofnun.....	29

	Forsætisráðuneytið.....	30
	Viðbrögð Landsnets	30
3.9	Um fjöllum um verndargildi menningarminja	30
	Minjastofnun.....	30
	Viðbrögð Landsnets	30
3.10	Áhrif á menningarminjar og menningarlandslag	31
	Minjastofnun.....	31
	Þingeyrar	31
	Viðbrögð Landsnets	31
4	Atriði sem varða ferðapjónustu, ásýnd og víðerni	32
4.1	Vægiseinkunn áhrifa á landslag og ásýnd.....	32
	Veiðifélag Laxár á Ásum og Blomstra ehf.	32
	Veiðiréttareigendur Fremri Laxá.....	32
	Húnabyggð.....	32
	Þingeyrar	32
	Náttúruverndarstofnun.....	33
	Náttúrufræðistofnun.....	33
	Viðbrögð Landsnets	33
4.2	Vægiseinkunn áhrifa á ferðapjónustu og útivist.....	34
	Þingeyrar	34
	Veiðifélag Laxár á Ásum, Blomstra ehf og Veiðiréttareigendur Fremri Laxá	35
	Húnabyggð.....	35
	Viðbrögð Landsnets	35
4.3	Vægiseinkunn áhrifa á óbyggð víðerni	36
	Þingeyrar	36
	Húnabyggð.....	36
	Forsætisráðuneytið.....	36
	Náttúrufræðistofnun.....	37
	Viðbrögð Landsnets	37
5	Atriði sem varðar hljóðvist, rafsegulsvið og rekstraröryggi	38
5.1	Áhrif á hljóðvist og rafsegulsvið	38
	Veiðifélag Laxár á Ásum og Blomstra ehf	38
	Veiðiréttareigendur Fremri Laxá	38
	Viðbrögð Landsnets	38
5.2	Rekstraröryggi.....	39
	Húnabyggð.....	39
	Viðbrögð Landsnets	39
5.3	Vægiseinkunn á atvinnuþróun.....	39

Húnabyggð.....	39
Húnabyggð.....	39
Viðbrögð Landsnets	39
5.4 Afhendingaröryggi á Norðvesturlandi	40
Húnabyggð.....	40
Mæva Marlene Urbschat	40
Viðbrögð Landsnets	40
5.5 Umfjöllun um öryggi raforkukerfisins	41
Umhverfis- og orkustofnun	41
Viðbrögð Landsnets	41
6 Atriði sem varðar rökstuðning valkosta og staka framkvæmdaþætti	41
6.1 Afstaða um aðalvalkosti	41
Blomstra ehf	41
Jón Pétur Líndal	41
Júlíus Guðni Antonsson	42
Mæva Marlene Urbschat	42
Veiðiréttareigendur Fremri Laxá	43
Veiðifélag Miðfirðinga	43
Orkusalan	44
Veiðifélag Laxár á Ásum	44
Húnaþing vestra	44
Húnabyggð.....	44
Náttúruverndarstofnun.....	45
Náttúrufræðistofnun.....	45
Forsætisráðuneytið.....	46
Viðbrögð Landsnets	46
6.2 Jarðstrengur	47
Veiðifélag Laxár á Ásum, Blomstra ehf og Veiðiréttareigendur Fremri Laxá	47
Viðbrögð Landsnets	47
6.3 Markmið framkvæmdar	47
Húnabyggð.....	47
Viðbrögð Landsnets	47
6.4 Samningar við landeigendur.....	48
Húnabyggð.....	48
Viðbrögð Landsnets	48
6.5 Umfjöllun um orkuskipti og orkusparnað	48
Umhverfis- og orkustofnun	48
Viðbrögð Landsnets	48

1 Inngangur

Kynningartími umhverfismatsskýrslu Holtavörðuheildarlínu 3 var frá 3. janúar til 17. febrúar 2025. Á tímabilinu var kallað eftir umsögnum frá hagsmunaaðilum, fagstofnunum og almenningi og í þessu skjali er gerð grein fyrir athugasemdum sem komu fram og viðbrögðum Landsnets við þeim.

Alls sendu 30 aðilar inn erindi um umhverfismatsskýrslu Holtavörðuheildarlínu 3 (Tafla 1.1). Þar af eru 11 lögbundnir umsagnaraðilar, þ.e. opinberar stofnanir og sveitarfélög, og 19 einstaklingar, fyrirtæki og félög.

Tafla 1.1 Yfirlit yfir aðila sem sendu inn erindi um umhverfismatsskýrslu Holtavörðuheildarlínu 3

Lögbundnir umsagnaraðilar		Aðilar sem sendu inn athugasemdir	
1	Fiskistofa	1	Auður Hörn Freysdóttir
2	Hafrannsóknastofnun	2	Ás Teitur Andrason
3	Húnabyggð	3	Birgir Línal Ingþórsson o.fl.
4	Húnaþing vestra	4	Blomstra ehf
5	Land og skógur	5	Jón Pétur Línal
6	Minjastofnun Íslands	6	Júlíus Guðni Antonsson
7	Náttúrufræðistofnun	7	Kári Jónasson o.fl.
8	Náttúruverndarstofnun	8	Mæva Marlene Urbschat
9	Umhverfis-og orkustofnun	9	Oddný María Gunnarsdóttir
10	Vegagerðin	10	Orkusalan
11	Forsætisráðuneytið	11	Róbert Júlíusson
		12	Sigurður Erlendsson, Þóra Sverrisdóttir
		13	Skógræktarfélag Austur-Húnavetninga
		14	Teitur Jónsson
		15	Veiðifélag Laxár á Ásum
		16	Veiðifélag Miðfirðinga
		17	Veiðifélag Víðidalstunguheiðar
		18	Veiðiréttareigendur Fremri Laxá
		19	Þingeyrar

Í umsögnunum komu fram fjölbreytt sjónarmið frá fagstofnunum, sveitarfélögum, landeigendum, samtökum og almenningi, sem varða ýmsa þætti framkvæmdarinnar. Til að draga fram helstu viðfangsefni umsagnanna hefur skjalinu verið skipt upp í meginþemu sem endurspeglar þau lykilatriði sem umsagnaraðilar lögðu áherslu á ásamt viðbrögðum Landsnets við þeim.

Meginþemur eru eftirfarandi:

- Landnotkun, eignarhald og samgöngur
- Náttúrufar, skógrækt og menningarminjar
- Ferðaþjónusta, ásynd og víðerni
- Hljóðvist, rafsegulsvið og rekstraröryggi
- Rökstuðningur valkosta og stakir framkvæmdaþættir

Með þessari nálgun er leitast við að veita skýra og yfirlitssmikla yfirsýn yfir umsagnirnar og þau málafni sem þar voru helst rædd. Í einhverjum tilvikum hafa umsagnir verið umorðaðar eða stokkaðar upp til að draga saman helstu atriðin. Hægt er að sjá umsagnirnar í heild sinni inn á Skipulagsgátt.

Viðbrögð við umsögnum byggja fyrst og fremst á því að skýra og rökstyðja atriði sem varða innihald umhverfismatsskýrslu og niðurstöður matsins. Áhersla er lögð á að fjalla um gögn, forsendur og mat á umhverfisáhrifum, ásamt þeim mótvægisaðgerðum sem eru fyrirhugaðar. Ekki er lögð áhersla á að svara athugasemdum sem endurspegla persónulegt álit umsagnaraðila, nema þær tengist beint þeim þáttum sem umhverfismatið nær til eða varði lagalega þætti framkvæmdarinnar. Þeim athugasemdum og umsögnum verður eftir atvikum svarað á öðrum vettvangi.

2 Viðbrögð við atriðum sem varðar landnotkun, eignarhald og samgöngur

2.1 Samráð eftir ákvörðun um aðalvalkost

Ás Teitur Andrasen

Í umsögn segir:

„Fyrir hönd eigenda jarðarinnar Auðunarstaða 1 í Víðidal vil ég koma þessu á framfæri: Línuleiðin D1 hlykkur liggur um land Auðunarstaða 1 þar sem er skipulagt skógræktarsvæði og samningur í gildi við Skógræktina. Væntanlega er þó hægt að semja um aðlögun á skógræktarsvæðinu. Ég hvet samt til þess að valin verði útfærslan A3 sem fer styttri leið um óbyggð svæði.“

Auður Hörn Freysdóttir

Í umsögn segir:

„Ég er ein af eigendum jarðarinnar Húkur í Miðfirði. Fyrir liggur að tveir kostir eru í boði varðandi lagningu línunnar. Annar þeirra, „Heiðarleiðin“ liggur meðal annars yfir heiðina á landi Húks. Þessari leið fylgja bæði kostir og gallar. Stærsti gallinn er ásjúnd svæðisins og einhver röskun á landinu sem fylgir óhjákvæmilega línulögninni. Á hinn bóginn gætu vegarslóðar sem til verða vegna lagningar línunnar mögulega gagnast veiðimönnum og ferðamönnum.“

Birgir Líndal Ingbórsson o.fl.

Í umsögn segir:

„Við undirritaðir eigendur jarðanna Syðri og Ytri-Melrakkadals í V-Hún eru á mót lagningu Holtavörðuheiðarlínu í gegnum land okkar þar sem að það heftir landnotkun okkar. Er það mikil skerðing á landinu er tvær raflínur fara þar í gegn og hefta landnotkun á landi sem er gott til ræktunnar og bygginga.“

Oddný María Gunnarsdóttir

Í umsögn segir:

„Fari svo að nýrri háspennulínu verði þröngvað samhliða byggðalínunni sem fyrir er, fer ég fram á eftirfarandi: Í mínu landi L145277, liggur gamla byggðalínan þvert yfir milli merkja, sú nýja er sýnd koma ská inn í landið af Sólheimahálsi í átt að bænum, yfir vistkerfi sem ég hef ekki í hyggju að raska með skógrækt eða mannvirkjum eins og vegslóðum. Eðlilegra væri að línana héldi beint áfram á hálsinum.“

Róbert Júlíusson

Í umsögn segir:

„Ég undirritaður eigandi og ábúandi jarðarinnar Hvalshöfða í Hrútafirði, búsnúmer 1440301, set mig alfarið á móti fyrirhuguðum valkosti á lagningu Holtavörðuheiðarlínu D1. Í fyrsta lagi þykir mér fyrirhugað línustæði alltof nálægt íbúðarhúsi jarðarinnar. Í öðru lagi fer línan mjög nærri vatnsbóli bæjarins og allt rask á jarðvegi ofan við vatnsbólið getur haft áhrif á grunnvatnsæðar á svæðinu. Í þriðja lagi skerðist möguleikinn til að nýta neðri hluta jarðarinnar fyrir skógrækt sem vel er inni myndinni því hefðbundnum búskap hefur verið hætt. Í fjórða lagi tel ég þetta rýra möguleika mína á að selja jörðina þegar fram í sækir. Vegna alls þessa hugnast mér alls ekki þessi valkostur. Valkostir A1 og eða B1 væru mér að skapi.“

Sigurður Erlendsson

Í umsögn segir:

„Við undirritað, eigendur Stóru-Giljár, mælum eindregið með Holtavörðulínu A3. Við teljum Holtavörðulínu Dh óviðsættanlega leið, að hafa tvö línustæði við hlið hvors annars í ræktunarlandi jarðarinnar okkar. Einnig eru sjónræn áhrif Holtavörðulínu Dh talsvert neikvæð, vegna mikillar umferðar vegfarenda og starfsemi ferðaþjónustu á bænum. Varðandi Holtavörðulínu Dh teljum við

hana mun síðri kost, það er að hafa tvær stórar byggðalínur hlið við hlið, bæði vegna aukinnar sjónrænnar mengunar í byggð og einnig áhættusamara gagnvart slæmum veðrum. Svo gerum við alvarlega athugasemd við fyrirhugaðan efnistökuastað HN-19. Þar hefur riðufé verið urðað í þúsundatali og algjörlega óforsvaranlegt að hreyfa við þeim stað og taka efni úr riðumenguðum jarðvegi og dreifa um byggðina.“

Teitur Jónsson

Í umsögn segir:

„Ég undirritaður eigandi Galtaness í Víðidal, Teitur Jónsson, vil koma á framfæri þessum sjónarmiðum: Ég tel leiðina D1hlykk valda umtalsverðum neikvæðum áhrifum í Galtanesi og hvet til þess að frekar verði valin línuleiðin A3 um heiðarnar. Helstu ástæður eru þessar:

Íbúðarhús undirritaðs yrði innikróað með gömlu L1 línuna í 90 metra fjarlægð að austan en nýju D1hlykkur línuna í um 250 metra fjarlægð að vestan.

Sama í hvaða átt væri horft frá húsinu þá yrði háspennulína í forgrunni.

Jörðin er nú þegar þveruð af þjóðvegi 1 með sívaxandi bílaumferð og af gömlu Laxárvatnslínunni. Ekki er á það bætandi að fá þriðja slíka mannvirkjabeltið á nýjum stað yfir jörðina.

Línan D1hlykkur myndi fara yfir Víðidalsá á öðrum stað en núverandi lína L1 og valda þannig aukinni truflun fyrir veiðimenn og annað útivistarfólk og rýra ásynd árinna.

D1hlykkur með sín þrjú hornmöstur á stuttum kafla í Víðidal mun valda talsverðu raski á landi samanber mynd 6.9. í umhverfismatsskýrslu. Hornmöstrin eru auk þess meira sýnileg ef ég skil rétt vegna meiri stögunar ofl. Þá mun mastur uppi í hlóðinni norðan Hrafnaborgar standa hátt í landinu og verða áberandi.

Á heildina litið tel ég ástæðu til að ætla að ný háspennulína samkvæmt leið D1hlykkur muni rýra verðgildi lands og íbúðarhúss í Galtanesi.

Ég vil einnig benda á að leiðin D1hlykkur er miklu lengri og dýrari heldur en A3 leiðin um heiðarnar og hlýtur sá kostnaður á endanum að lenda á almenningi í landinu.“

Orkusalan

Í umsögn segir:

„Ef valkostur A3 verður fyrir valinu þá leggur Orkusalan áherslu á að samráð verði við félagið um endanlega leið og staðsetningu á möstrum línunnar þannig að lína og virkjun trufla ekki hvort annað, heldur verði frekar hægt að samnýta vegarslóða, efnistökuastaði o.fl. öllum til hagsbóta.“

Viðbrögð Landsnets

Við undirbúning og hönnun framkvæmdarinnar hefur verið lögð áhersla á að lágmarka áhrif á landnotkun og ásynd auk þess að uppfylla öryggisfjarlægðir frá híbýlum. Þegar ákvörðun liggur fyrir um hvorn valkostinn verður farið áfram með inn í verkhönnun og aðalskipulagsbreytingar verður farið í nánari skoðun á legu og útfærslur framkvæmdar. Landsnet mun þá taka samtalið við landeigendur um staðsetningu stakra framkvæmdaþátta, s.s. mastrastæði, vegslóða og efnistökusvæði, innan þeirra landareigna. Á þeim vettvangi verður hægt að óska eftir því að hliðra framkvæmdinni til í þeim tilgangi að aðlagja frekar að landnotkun á svæðinu eða til að draga úr ásynd. Allar beiðnir um breytingar verða skoðaðar og hvort þær uppfylli markmið framkvæmdar. Það er von Landsnets að í þeirri undirbúningsvinnu sem tekur við að loknu áliti Skipulagsstofnunar um umhverfismatið og ákvörðun um aðalvalkost, náist farsæl lausn um Holtavörðuheidalínu 3.

Í umhverfismatsskýrslu er skilgreint verklag vegna framkvæmda innan vatnsverndarsvæða og verður samráð haft við Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra við allar framkvæmdir á vatnsverndarsvæðum til þess að tryggja öryggi neysluvatns, sjá einnig viðbrögð í kafla 3.5.

Þegar ákvörðun hefur verið tekin um aðalvalkost verður farið í nánari athugun á efnistökusvæðum. Í umhverfismatsskýrslu hafa, fyrir hvorn aðalvalkost, verið skilgreind fleiri efnistökusvæði en verða

notuð við framkvæmdir. Ábending um námu HN-19 verður könnuð sérstaklega við frekari athugun á efnistökusvæðum og samráð haft við Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra varðandi efnistöku á svæðinu, ef D-hlykkur verður fyrir valinu.

2.2 Vægis Einkunn áhrifa á landbúnað og skógrækt

Pingeyrar

Í umsögn segir:

„Telja verður langsótt að áhrif hálendislína (A-kosta) á umhverfispættina „landbúnað og skógrækt“ séu nokkuð annað en óveruleg í ljósi þess að langstærstur hluti leiðarinnar liggur um óbyggð svæði samkvæmt Aðalskipulagi. Þar er því hvorki gert ráð fyrir landbúnaði né skógrækt.“

Viðbrögð Landsnets

Valkostir A og B fela í sér risk á skógræktarsvæðum og eru því metin hafa nokkuð neikvæð áhrif, sbr. kafla 17.6 í umhverfismatsskýrslu.

2.3 Aðgengi að vegslóðum

Veiðifélag Miðfirðinga

Í umsögn segir:

„Stjórn Veiðifélags Miðfirðinga leggur áherslu á að línuvegur, sem lagður yrði ef heiðaleið yrði valin, nýtist bændum, ferðaþjónustu og þ.m.t. veiðifélögum. Einnig er mikilvægt m.t.t. heiðaleiðar að tekið verði fullt tillit til náttúru svæðisins, afréttaraflota bænda í sveitinni, vinnu gagnamanna á haustin og ferða veiðimanna bæði til veiða á fugli og fiski.“

Vegagerðin

Í umsögn segir:

„Ekki kemur fram hvort línuvegir verði skráðir sem vegir í náttúru Íslands að framkvæmdum loknum.“

Húnaþing vestra

Í umsögn segir:

„Byggðarráð mælist jafnframt til þess að hugað verði að því að veglagning í tengslum við framkvæmdina fram til heiða, fari svo að sú leið verði valin, nýtist bændum og ferðaþjónustu og einnig er lagt til að samhliða verkefninu verði farið í mótvægisáðgerð sem felur í sér friðun Stórasands með því að girða hann af. Með því væri vegið á móti hugsanlegum neikvæðum umhverfisáhrifum öðrum sem línuleiðin felur í sér. Einnig leggur byggðarráð áherslu á að við framkvæmdina, fari svo að heiðaleiðin verði ofan á, verði tekið fullt tillit til náttúru svæðisins, afréttaraflota bænda á svæðinu, vinnu gagnamanna á haustin og ferða veiðimanna, bæði til veiða á fugli og fiski.“

Viðbrögð Landsnets

Landsnet mun vera í samráði við landeigendur og sveitarfélög þar sem við á um staðsetningu vegslóða og aðgengi um þær. Á þessum tímapunkti getur Landsnet ekki lofað aðgengi um vegslóðir, þar sem þær liggja um eignarlönd, eða sagt til um hvort vegslóðir verði skráðar sem vegir í náttúru Íslands. Samningur verður gerður við landeigenda varðandi slóðagerð og aðgengi Landsnets að línunni á rekstrartíma.

Landsnet hefur ekki upplýsingar um hvort að Stóri Sandur sé skilgreindur sem landgræðslusvæði eða hvort að standi til að friða hann. Landsnet mun vinna að mótvægisáðgerðum eins og fjallað er um í umhverfismatsskýrslunni en ekki hefur verið ákveðið hvaða svæði það eru sem verða nýtt til

uppgræðslu. Landsnet hefur einnig ekki heimildir til að standa að öðrum framkvæmdum sem eru ekki beint tengdar framkvæmdum við Holtavörðuheidiarlínu 3. Að sama skapi, ef sú staða kemur upp að skilgreina og friða skuli Stóra Sand sem landgræðslusvæði þegar nær dregur framkvæmdatíma og niðurstaðan verður sú að leið A3 verður fyrir valinu, þá er alltaf möguleiki á samtali með fag- og hagaðilum vegna samlegðaráhrifa og mögulegra mótvægisáðgerða vegna framkvæmdarinnar.

2.4 Uppbygging vega og áhrif á vegi

Mæva Marlene Urbschat

Í umsögn segir:

„Áhrif flutningabílaumferðar vegna framkvæmda Landsnets

Fyrir D-hlykk snúast neikvæð áhrif aukins umferðapunga af völdum þungra flutningabíla vegna framkvæmdana aðallega um hringveginn og nokkra vegkafla á Svínvetningabrauta. Til að fá mynd af tilheyrandi álagi á vegakerfið – og íbúa – af flutningabílum má lauslega reikna með u.þ.b. 50.000 ferðum milli efnistöku- og framkvæmdasvæða.

Það vekur furðu að efnistaka fyrir vegaframkvæmdir Landsnets vegna rafmagnslínunnar byggist samkvæmt skýrslu Eflu Verkfræðistofu (Unnur Þorsteinsdóttir & Einar Sindri Ólafsson B_Námukönnun.pdf) nánast eingöngu á núverandi námum Vegagerðarinnar. Þýðir það fyrir okkur íbúa Húnabyggðar að viðhald vega verður enn minna en áður, þrátt fyrir gífurlega aukna umferð þungra flutningabíla á sama tíma vegna framkvæmda Landsnets, með gífurlegu aukning rykmyndunar, tilheyrandi sliti og skemmdum á malarvegum sem eru víða afspyrnu illa farnir fyrir?

Árið 2023 bauð Vegagerðin út for- og verkhönnun fyrir endurbyggingu Svínvetningabrautar frá Köldukinn að Tindum, en í gildandi Samgönguáætlun stendur ekki lengur til að leggja þennan veg bundnu slitlagi. Eru tengsl milli áætlaðrar efnistöku úr Vegagerðar-námum vegna endurbyggingar byggðalínu Landsnets og þess, að áætluð nauðsynleg endurbygging Svínvetningabrautar á um 6,1 km löngum kafla frá Köldukinn að Tindum hefur verið tekin af dagskrá hjá Vegagerðinni?

Þó dalirnir Viðidalur, Vatnsdalur og Svínadalur verði ekki lagðir línur fylgir línulagningunni aukið álag vegna aukinnar umferðar þar. Sama hvaða aðalvalkostur verður fyrir valinu hjá Landsneti, þá munu vegakerfi og íbúar þessara dala þurfa að þola neikvæð áhrif stórauðinnar umferðar vegna framkvæmda Landsnets, verði línan lögð um hálendið.

Húnabyggð

Í umsögn segir:

„Í þessu umhverfismati og í umræðum um verkefnið er lítið sem ekkert fjallað um nauðsynlega uppbyggingu vegakerfis inn á hálendið með tilliti til aðfanga fyrir verkefnið. Í tilfelli Húnabyggðar væru það vegir í Vatnsdal, Svínadal og Blöndudal. Alla þessa vegi þyrfti að byggja upp til þess að sú umferð og þungaflutningar sem þessum framkvæmdum fylgja sé möguleg. Það er lítið alveg framhjá þessu og bent á Vegagerðina í því samhengi. Það liggur alveg ljóst fyrir að Vegagerðin mun að óbreyttu ekki fara í slíkar framkvæmdir og þess vegna er hálendisleiðin ófær nema að sú uppbygging eigi sér stað. Þá er sá kostnaður sem þessu fylgir ekki reiknaður með í hagkvæmnismati verkefnsins. Það er í raun óásættanlegt og skekkir allan samanburð á valkostum og hefur jafnframt áhrif á öryggi vegfarenda sem óviðunandi nú þegar.“

Kári Jónasson

Í umsögn segir:

„Nú þegar mat á umhverfisáhrifum Holtavörðuheidiarlínu 3 liggur fyrir, er ljóst að um tvo kosti er að ræða varðandi lagningu línunnar. Annars vegar að fylgja hinni 50 ára gömlu byggðalínu, eða fara í austur frá Holtavörðuheidi og yfir Víðidalstunguheidi meðal annars. Ef skoðaðir eru uppdrættir varðandi línulögnina má sjá að merktir eru inn slóðarnir fram á Víðidalstunguheidi úr Víðidal, sem yrði hugsanlega notaðir vegna lagningu línunnar.

Þessir slóðar þola í fyrsta lagi enga verulega umferð og alls ekki flutningabíla, en aðalatriðið er að slóðin sem liggur frá Hrappsstöðum fer þar um bæjarhlaðið og liggur á milli húsanna á bænum. Bæði

er að slóðin þolir nær enga umferð og auk þess myndi aukin umferð þarna skapa mikla slysaættu og brekkan ofan við bæinn hefur oft reynst mörgum erfið. Við eigendur jarðarinnar lýsum því hér yfir miklum áhyggjum okkar vegna hugsanlegrar meiri umferðar þarna en nú er. Því finnst okkur ekki koma til greina að beina umferð vegna línulagnarinnar þarna á milli bæjarhúsanna hjá okkur og vísum því algjörlega á bug að nokkur umferð vegna línulagnarinnar fari um slóðina fram á Víðidalstunguheiði sem liggur um hlaðið á Hrappsstöðum.

Í kafla 5.2 um slóðir vegna línunnar er rætt um lagningu slóða og þar segir: „Unnið verður að endanlegri útfærslu slóða við aðalvalkost í samráði við landeigendur, þegar framkvæmdin verður verkönnuð“. Við vonum að við þetta verði staðið og ef nauðsyn þætti á að nota slóðann sem liggur um hlaðið hjá okkur yrði að breyta legu hans, þannig að hann færi ekki um hlaðið á Hrappsstöðum.

Við leggjum mikla áherslu á að þessar ábendingar okkar verði teknar til greina. Þá óskum við eftir að fá nákvæmar upplýsingar í okkar hendur varðandi þessa ábendingu okkar, þannig að við getum notfært okkur áfrýjunarrétt okkar til æðra valds ef til þess kæmi.“

Vegagerðin

Í umsögn segir:

„Takmörkuð umfjöllun er um möguleg áhrif framkvæmdanna á þjóðvegi og umferð um þá og á það bæði við almenna umfjöllun og umfjöllun um samanburð valkosta. Séu valkostir bornir saman má telja að kostir A og B hafi minnst áhrif á þjóðvegi en mest áhrif verði af kosti D. Allir kostir eru þó ásættanlegir en mikilvægt er að hafa samráð við Vegagerðina, sérstaklega ef valkostur D er valinn.“

[...]

„Á lista yfir mögulega efnistökuastaði eru allnokkrar námur sem Vegagerðin nýtir og hyggst nýta vegna vegaframkvæmda og viðhaldsverkefna. Meðfylgjandi tafla sýnir námur sem hafa mikið gildi fyrir Vegagerðina. Vegagerðin óskar eftir nánú samráði við Landsnet vegna nýtingar á umræddum námum.“

„Vegagerðin óskar eftir náinni samvinnu vegna tenginga þegar leiðarval liggur fyrir. Þar verði farið yfir staðsetningar, frágang og öryggismál t.d. vegna flutninga um vegi. Einnig þarf að hafa samráð og fá leyfi vegna þverana lagna yfir/undir veg og staðsetningu mastra og staga í nágrenni við vegi.“

Viðbrögð Landsnets

Í umhverfismatsskýrslu er gerð grein fyrir núverandi vegslóðum sem gert er ráð fyrir að nýta og tillaga að legu nýrra vegslóða meðfram línunni (mynd 6.19 í umhverfismatsskýrslu). Þegar ákvörðun liggur fyrir um hvaða valkostur verður tekinn áfram inn í verkhönnun og aðalskipulag verður skoðað nánar hvar þörf er á uppbyggingu og styrkingu vegslóða. Tilvik þar sem vegslóðir liggja t.a.m. um bæjarhlöð eða viðkvæm svæði verða skoðuð sérstaklega og í samráði við landeigendur.

Ef A3 verður fyrir valinu má búast við að styrkja þurfi núverandi vegi og slóða, m.a. upp úr Vatnsdal, Svínadal og Blöndudal. Kostnaður við styrkingu fyrirbyggjandi slóða/aðkomuleiða er innifalinn í kostnaðaráætlunum. Slóðagerð tekur til nýrra vegslóða, styrkingar á eldri slóðum og viðhaldi/styrkingu á öðrum aðkomuleiðum, t.a.m. þeim vegum/leiðum sem liggja upp á heiðarnar og eru aðkomuleiðir að línunni.

Efnisflutningar á framkvæmdatíma mun auka við umferð um núverandi vegi. Þegar verkhönnun hefst verður lögð fram ítarlegri áætlun um efnisþörf, umfang eftir köflum línunnar metið og í framhaldinu verður kostnaðaráætlun uppfærð. Núverandi gögn taka mið af staðsetningu efnistökusvæða, án þess að það sé lagst í nákvæma greiningu á því hversu mikið er tekið úr hverri námu, eða fjöldi ferða frá hverju svæði fyrir sig. Þegar aðalvalkostur liggur fyrir verður farið í frekari hönnun og unnin efnistökuáætlun þar sem stillt er upp áætlun þar sem magn úr hverri námu er metið, þ.e. hversu mikið verði tekið úr hverri námu, og hversu langar akstursvegalengdir eru fyrir hverja námu. Miðað er við að efni verði tekið úr námum sem eru staðsettar nokkuð jafnt eftir línuleiðinni til að draga úr akstursvegalengdum milli efnistökusvæða.

Landsnet tekur undir að búast megi með meiri umferð vegna efnisflutninga á framkvæmdatíma um núverandi veg ef D-hlykkur verður fyrir valinu, samanborið við A3. Landsnet tekur undir með

Vegagerðinni að aukin umferð sé innan ásættanlegra marka auk þess sem hún er tímabundin. Á rekstrartíma er umferð, t.a.m. í tengslum við viðhald, líkleg til að hafa óveruleg áhrif á umferð. Þegar ákvörðun liggur fyrir um aðavalkosti verður farið í nánari greiningu á efnistökusvæðum og unnin efnistökuáætlun. Sú áætlun verður gerð í samráði við landeigendur og við Vegagerðina í þeim tilfellum þar sem stefnt er að því að taka efni úr námum sem Vegagerðin nýtir. Sömuleiðis mun Landsnet ræða við Vegagerðina um þveranir, frágang og öryggismál.

2.5 Samræmi við skipulag

Forsætisráðuneytið

Í umsögn segir:

„Valkostir fara um tvö sveitarfélög, Húnaþingvestra og Húnabyggð sem varð til við sameiningu Blönduósbæjar og Húnavatnshreppsárið 2022. Ráðuneytið leggur áherslu á að hlutaðeigandi sveitarfélög breyti aðalskipulagi sínu áður en til framkvæmda kemur, þannig að Holtavörðuheiðarlína 3 rúmist innan skipulagsins.“

[...]

„Aðalskipulagsgerðum á áhrifasvæði framkvæmdar eru skilgreind svæði sem njóta hverfisverndar. Allir valkostir, þ.e. línleiðin sjálf, slóðar og/eða efnistökusvæði, fara að einhverju leyti um slík svæði eða nálægt þeim. Ráðuneytið vekur athygli á því að breyta þarf aðalskipulagi hlutaðeigandi sveitarfélaga þannig að svæðið sem valið verður undir línuleiðina falli ekki undir hverfisvernd áður en til framkvæmda við Holtavörðuheiðarlínu 3 kemur.“

[...]

„Ráðuneytið leggur áherslu á að ef leiðarval Holtavörðuheiðarlínu 3 fer yfir deiliskipulagt svæði verði að breyta deiliskipulaginu til samræmis við línulögnina þannig að línulögnin samrýmist gildandi deiliskipulagi.“

Viðbrögð Landsnets

Eftir að Skipulagsstofnun hefur gefið álit á umhverfismatinu og ákvörðun liggur fyrir um hvaða kostur verður valinn, mun Landsnet óska eftir að sveitarfélög fari í breytingar á aðalskipulagi. Aðalvalkostir liggja ekki um deiliskipulögð svæði.

3 Viðbrögð við atriðum sem varðar náttúrufar, skógrækt og menningarminjar

3.1 Áhrif á vatnalíf og vistfræðilegt ástand vatnshlota

Veiðifélag Laxár á Ásum og Blomstra ehf

Í umsögn segir:

„Gerð er athugasemd við að áhrif á Vatnalíf séu metin nokkuð neikvæð fyrir leiðir A og B en óverulega neikvæð fyrir leið D. Það er í hróplegu ósamræmi við að á leið D er farið yfir margar af bestu laxveiðiám landsins svo sem Laxá á Ásum, Vatnsdalsá, Hrútafjarðará, Miðfjarðará, Gljúfurá, Blöndu og ýmsar fleiri. Leið D fer samtals yfir fleiri og stærri vatnsföll þar sem laxastofnar eiga heimkynni sín heldur en leiðir A og B sem fara yfir færri og minni vatnsföll þar sem þar að auki fóstira ekki laxastofna. Því ætti frekar að snúa þessu mati við og telja leið D vera neikvæðari fyrir vatnalíf en leiðir A og B.“

Veiðifélag Víðidalstunguheiðar

Í umsögn segir:

„Þá vill veiðifélagið sérstaklega benda á að fara þarf með mikilli gát við efnistöku á svæðinu. Í skipulagsgátt er getið um nokkra efnistökuastaði á Víðidalstunguheiði, meðal annars á áreyrum Víðidalsár. Ekki aðeins þarf að gæta að verndargildi þessara staða, heldur þarf líka að gæta

sérstakrar varúðar við lagningu vegaslóða frá línustæðinu að þessum stöðum, því í sumum tilfellum er um nokkurra kílómetra leið að ræða.“

Húnabyggð

Í umsögn segir:

„Í punkti 2.6. um vatnalíf fær valkostur A3 einkunnina „nokkuð neikvæð“ það má setja spurningarmerki við það og eins og í punkti 2.5. þá er fyrirséð að það verða áhrif sem gætu verið töluvert neikvæð.“

„Í punkti 2.5. um vatnshlot er stórt spurningarmerki hvað varðar vatnakerfi heiðanna og samspil votlendis, vatna og straumvatns. Það er erfitt að ímynda sér að framkvæmdin hafi lítil sem engin áhrif á vatnshlot þeirra svæða sem um ræðir.“

Forsætisráðuneytið

Í umsögn segir:

„Í skipulagsreglugerð nr. 90/2013, grein 5.3.2.14, er kveðið á um að utan Þéttbýlis skuli ekki reisa mannvirki nær vötnum, ám eða sjó en 50 metra, nema í tilvikum samgöngumannvirkja eins og brúa og stíflna. Framkvæmdaraðili skal gæta þess við hönnun og leiðarval fyrir valkosti vegna Holtavörðuheidarlínu 3.“

[...]

“Ráðuneytið vísar til umsagnar Hafrannsóknarstofnunar en þar segir m.a. Þveranir vatnsfalla með jarðstrengjum hafa áhrif á lífríki, en ef vandað er til verka og unnt að koma jarðstrengjum fyrir með litlu raski á árbotni og -bökkum, geta þveranir haft staðbundin og tímabundin áhrif á lífríki. Mikilvægt er að takmarka áhrif framkvæmda á vatn og tryggja að almenn umgengni og frágangur sé góður. Rétt er að benda á að Hafrannsóknarstofnun mælir ekki með efnistöku úr virkum farvegi vatnsfalla og hvetur til að leitað sé efnistöku utan þeirra. Samkvæmt umhverfismatsskýrslu eru efnistökusvæði við valkost A3 (heiðarleið) í flestum tilfellum á stórum áreyrum með þunnu vinnslulagi.“ Ráðuneytið tekur undir með stofnuninni og að þess sé gætt að vandað sé til verka, umgengi og allur frágangur sé til fyrirmyndar.

Í umsögn Hafrannsóknarstofnunar segir einnig .Heiðarleiðin (A3) liggur um votlendar heiðar sem eru mikilvægar sem upptök og aðrennslissvæði vatns til straumvatna norður af heiðunum, en í þeim er m.a. að finna mikilvæg búsvæði laxfiska og mikla veiðihagsmuni. Í umhverfismatsskýrslunni kemur fram að þar sem slóðar verði lagðir um votlend svæði, verði lagður útjarðvegisdúkur áður en fylling er keyrð út og að ekki verði skipt út neinum jarðvegi í votlendi. Það dregur úr hættu á að grunnvatnshæð raskist en bent er á að ferging, sem óhjákvæmilega má búast við, er líkleg til að hafa áhrif á grunnvatnssstöðu næst vegstæðinu. Auk þess getur slóðgerðin haft áhrif á afrennsli af vot/endum svæðum því vegurinn getur virkað sem nokkurskonar fyrirstaða eða stífla á leysingartímum. Það á sérstaklega við þegar þar sem vegslóðar munu líklega liggja þvert á rennslisleiðir vatns af heiðunum. Afrennsli af vot/endi á heiðunum hefur mikil áhrif á eðlis- og efnabætti í straumvötnum sem eiga upptök á slíkum svæðum. Flestar árnar á áhrifasvæðinu eru í vatnagerð RL3 sem eru um 21% vatnshlota á landsvísu og þar á meðal eru margar frjósamar og góðar laxveiðiár. Bent er á að verði mikil truflun á afrennsli af vot/endigetum það haft áhrif á eiginleika straumvatna og þar með á það lífríki sem þar þrífst, tegundasamsetningu og lífræna framleiðslu. Ráðuneytið tekur undir orð stofnunarinnar hvað þetta varðar.”

Hafrannsóknarstofnun

Í umsögn segir:

„Almennt má segja að umfram sýnileika þá hafi háspennuloftlínur sem slíkar ekki teljandi áhrif á vatnalíf eða veiðinýtingu, en slóðagerð og efnistaka geta haft áhrif á vatnalíf. Þveranir vatnsfalla með jarðstrengjum hafa áhrif á lífríki, en ef vandað er til verka og unnt að koma jarðstrengjum fyrir með litlu raski á árbotni og -bökkum, geta þveranir haft staðbundin og tímabundin áhrif á lífríki. Mikilvægt er að takmarka áhrif framkvæmda á vatn og tryggja að almenn umgengni og frágangur sé góður. Rétt er að benda á að Hafrannsóknarstofnun mælir ekki með efnistöku úr virkum farvegi vatnsfalla og

hvetur til að leitað sé efnistöku utan þeirra. Samkvæmt umhverfismatsskýrslu eru efnistökusvæði við valkost A3 (heiðarleidd) í flestum tilfellum á stórum áreyrum með þunnu vinnslulagi en við valkost D-hlykkur(býggðaleidd) í flestum tilfellum í þykkum setbunkum og því ætti efnistaka þar að geta farið fram fjarri vatnsborði.

Samkvæmt umhverfismatsskýrslunni kemur fram að útfærsla A3 feli í sér meira rask á vatnshlotum á áður lítt röskuðum svæðum, en D-hlykkur minni áhrif þar sem nú þegar eru mannvirki á því svæði. Þannig sé leið A3 líkleg til að hafa nokkuð neikvæð áhrif á vatnalíf, á meðan útfærsla D-hlykkur er líkleg til að hafa óveruleg neikvæð áhrif á vatnalíf. Framkvæmdinni fylgir umtalsverð efnistaka til slóðagerðar og í plön undir möstur. Í umhverfismatsskýrslunni eru taldar til margar námur sem koma til greina, en óvíst er núna hverjar verða notaðar, bæði vegna þess að línuleidd hefur ekki verið valin og líka vegna þess að ekki hefur farið fram nákvæmt mat á námum. Mikilvægt að leitað verði umsagna um efnistöku nærri vatni, verði um það að ræða, þegar fyrir liggur nánari útfærsla á efnismagni á hverjum stað og fyrirkomulagi efnistöku á viðkomandi svæði.

Heiðarleidd (A3), ásamt slóðum og efnistökusvæðum, liggur um óbyggð víðerni þar sem landslag er lítið snortið af ummerkjum mannsins. M.a. um svæði sem eru skilgreind sem hverfisvernduð á aðalskipulagi, svæði sem lagt er til að verði sett á B-hluta náttúruminjasrár og svæði á C-hluta náttúruminjasrár. Býggðaleiddin (D-hlykkur) liggur hins vegar að stærstum hlut utan slíkra svæða. Heiðarleiddin (A3) liggur um votlendar heiðar sem eru mikilvægar sem upptök og aðrennslissvæði vatns til straumvatna norður af heiðunum, en í þeim er m.a. að finna mikilvæg búsvæði laxfiska og mikla veiðihagsmuni. Í umhverfismatsskýrslunni kemur fram að þar sem slóðar verði lagðir um votlend svæði, verði lagður út jarðvegsdúkur áður en fylling er keyrð út og að ekki verði skipt út neinum jarðvegi í votlendi. Það dregur úr hættu á að grunnvatnshæð raskist en bent er á að fering, sem óhjákvæmilega má búast við, er líkleg til að hafa áhrif á grunnvatnsstöðu næst vegstæðinu. Auk þess getur slóðgerðin haft áhrif á afrennsli af votlendum svæðum því vegurinn getur virkað sem nokkurskonar fyrirstaða eða stífla á leysingartímum. Það á sérstaklega við þegar þar sem vegslóðar munu líklega liggja þvert á rennislisleiðir vatns af heiðunum. Afrennsli af votlendi á heiðunum hefur mikil áhrif á eðlis- og efnabætti í straumvötnum sem eiga upptök á slíkum svæðum. Flestar árnar á áhrifasvæðinu eru í vatnagerð RL3 sem eru um 21% vatnshlota á landsvísi og þar á meðal eru margar frjósamar og góðar laxveiðiár. Bent er á að verði mikil truflun á afrennsli af votlendi getur það haft áhrif á eiginleika straumvatna og þar með á það lífríki sem þar þrífst, tegundasamsetningu og lífrænaframleiðslu.

Rétt er að benda á að með vegagerð meðfram línu á leið A3, opnast fyrir umferð vélknúinna ökutækja eftir að framkvæmdum lýkur. Það eykur álag á þessi óbyggðu víðerni og getur mögulega aukið hættu á neikvæðum áhrifum á vatn á upptakasvæðum ána í Húnaþingi, s.s. vegna mengandi efna. Við lagningu línuvega eru þveraðar ár og lækir með ræsum. Mikilvægt er að slíkar framkvæmdir rjúfi ekki samfellu í farvegum ef þar eru gönguleiðir fiska en dæmi eru um slíkt úr fyrri framkvæmdum.

Báðar línuleiðirnar þvera vatn. D-hlykkur þverar vatn neðarlega á vatnasviðum ána og á svæðum sem nú þegar eru að einhverju leiti röskuð. Leið A3 mun þvera vatn og votlendi ofarlega á vatnsviðum lítt raskaðra heiðarsvæða. Hafrannsóknastofnun telur að hvað varðar lífríki ferskvatns að D-hlykkur hafi minni áhættu í för með sér samanborði við leið A3. Byggist það einkum á mikilvægi óraskaðs heiðavotlendis á upptaka- og aðrennslissvæðum áa sem renna til Húnaflóa. Frjósemi og lífríki þeirra áa markast af stórum hluta af aðrennsli af slíku heiðavotlendi.

Umhverfis- og orkustofnun

Í umsögn segir:

„Í kafla 11.3 kemur fram að lagt hafi verið mat á grunnástand vatnshlota og vatnsverndar samkvæmt fyrirfram gefnum matsþáttum, þ.m.t. áhrif mengunar á vatnshlot og hættu á mengun vatnsverndarsvæða og er niðurstöðum lýst í skýrslunni. Í kafla 11.5 kemur fram að lögð verði áhersla á að haga framkvæmdum með þeim hætti að ekki séu líkur á að efnafræðilegu ástandi vatnshlota hnigni og að það verði áfram gott. Að mati Landsnets er ekki þörf á vöktun á efnafræðilegu ástandi vatnshlota að framkvæmdum loknum. Við framkvæmdirnar verða viðhafðar mótvægisáðgerðir. Þess verður m.a. gætt að olía eða önnur mengun berist ekki út í umhverfið auk þess sem sérstakt verklag verður viðhaft þar sem línuleidd liggur innan vatnsverndarsvæðis.

Í töflu 11.8 eru taldar upp fyrirhugaðar mótvægisáðgerðir og verklag til að draga úr áhrifum á vatnsverndarsvæði og efnafræðilegt ástand vatnshlota. Á athugunarsvæði valkosta A eru alls 16 vatnshlot, 14 straumvatnshlot og tvö stöðuvatnshlot. Í kafla 12.4 kemur fram að vístfræðilegt ástand

allra straumvatnshlota á athugunarsvæði valkosta A er mjög gott (Stjórn vatnamála, 2024). Af þeim straumvatnshlotum sem eru innan athugunarsvæðis valkosta A er gert ráð fyrir að línan þveri 11 þeirra. Vistfræðilegt ástand allra straumvatnshlota á áhrifasvæði valkosta var skilgreint sem mjög gott nema Gilsá, á áhrifasvæði valkosta D, sem hefur verið tilnefnt til bráðabirgða sem mikið breytt vatnshlot og ólíklegt er að það uppfylli þau skilyrði að vera í að minnsta kosti góðu vistfræðilegu ástandi.

Í kafla 11.5 kemur fram að áhrif valkosta Holtavörðuheidarlínu 3 á vatnsverndarsvæði og vatnshlot geta helst orðið á framkvæmdatíma en áhrif geta einkum orðið við jarðvinnu, efnistöku, notkun tækja, vinnuvéla og uppsetningu mastra og ýmis konar búnaðar en einnig frá aðstöðu og vinnubúðum fyrir verktaka. Einnig getur flutningur efnis og aðfanga á ökutækjum/flutningabílum mögulega haft áhrif á vatnshlot og vatnsverndarsvæði.

Allir valkostir fara yfir grunnvatnshlot, straumvatnshlot og valkostir B2 og D fara yfir stöðuvatnshlot. Þessi stöðuvötn er undir þeim stærðarmörkum að njóta sérstakrar verndar vegna vistkerfa skv. lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd. Í kafla 12.5 kemur fram að gera megi ráð fyrir að valkostir A og B feli í sér meira rask á vatnshlotum á áður lítt röskuðum svæðum en D valkostirnir minni áhrif þar sem nú þegar eru mannvirki á því athugunarsvæði. Með mótvægisáðgerðum má draga úr áhrifum, um fjallað er um mótvægisáðgerðir í kafla 11.6.1. Bein áhrif valkosta D eru metin lág og er ekki talinn munur á milli útfærslna. Bein áhrif valkosta A og B eru metin lág til miðlungs. Öll yfirborðsvatnshlot eiga að vera í a.m.k góðu vistfræðilegu ástandi og góðu efnifræðilegu ástandi. Þetta eru hin eiginlegu umhverfismarkmið vatnshlota. Umhverfismarkmið þeirra eru lagalega bindandi og má ástand vatnshlota aldrei hnigna frá því sem umhverfismarkmið þeirra segja til um, hvorki varanlega né tímabundið.

Í kafla 11.6 kemur fram að valkostirnir eru ekki líklegir til að hafa neikvæð áhrif á vatnshlot með þeim hætti að ástandi þeirra hnigni eða að umhverfismarkmið þeirra náist ekki. Umhverfis- og orkustofnun óskar hins vegar eftir að áhrif á gæðabætti vatnshlota vegna uppbyggingar vega sem þvera straumvatnshlot verði metin fyrir hvern stað sérstaklega.

Náttúruverndarstofnun

Í umsögn segir:

„Lífriki í vatni var ekki rannsakað sérstaklega fyrir skýrslu um mat á umhverfisáhrifum en unnið með gögn er varða stjórn vatnamála og vatnsvernd. Oftast eru áhrif loftlína ekki talin mikil á vatnalífriki en engu að síður þarf að þvera vatnsföll, vinna efni nálægt bökkum þeirra og fleira. Huga þarf vel að tímasetningum fyrir þveranir, oft er miðað við hagsmuni veiðimanna með að vinna sem minnst við ár og vötn á veiðitímabilum, en mikilvægt að muna að utan veiðitíma eru hrogn og seiði ofan í botnmölinni og afar viðkvæm fyrir öllu raski. Eins þarf að huga vel að staðsetningu mastra nálægt vatnsföllum. Farvegur áa getur tekið breytingum og geta möstur þá endað á vatnsbakka. Gróður mun raskast við þessa framkvæmd án tillits til hvaða leið verður farin. Línuleið D mun raska gróðri á ræktarlöndum en A og B munu raska gróðri sem er í dag ekki mikið raskaður af manna völdum.“

Fiskistofa

Í umsögn segir:

„Fiskistofa er sammála því sem fram kemur í úttekt á áhrifum Holtavörðuheidarlínu 3 á vatnafar vegna fyrirhugaðra framkvæmda um að valkostur D hafi minni áhrif en aðrir kostir þar sem þegar eru mannvirki á því landsvæði. Fiskistofa tekur undir sjónarmið sem fram koma í umsögn Hafrannsóknastofnunar, dags. 28. febrúar 2025, og er sammála því að hvað varðar lífríki ferskvatns að valkost D hafi minni áhættu í för með sér samanborið við aðra kosti. Fiskistofa bendir á að framkvæmdir í eða við veiðivatn, allt að 100 metrum frá bakka þess, kunna að vera háðar leyfi Fiskistofu sbr. 33. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði.“

Náttúrufræðistofnun

Í umsögn segir:

„Varðandi áhrif á vatnalíf eru áhrif metin nokkuð neikvæð fyrir línuleiðir A og B en óveruleg fyrir línuleið D. Er það einkum vegna áhrifa af þverun áa fyrir línuvegi á leiðum A og B þar sem hætta á raski er mest. Einungis ein þverun er á leið D, við Gilsá. Ekki er áætlað rask á stöðuvatnshlotum en

sum þeirra eru nálægt rasksvæðum. Náttúrufræðistofnun tekur undir niðurstöðu matsins og leggur áherslu á að fylgt sé leiðbeiningum Hafrannsóknastofnunar vegna ræsagerðar og annarra mótvægisáðgerða í tengslum við þverun vatnsfalla og að það sé mikilvægt að vakta lífríki ferskvatns á svæðum þar sem mögulegt rask er fyrir hendi.“

Forsætisráðuneytið

Í umsögn segir:

„Í umsögn Náttúruverndarstofnunar segir einnig "Huga þarf vel að tímasetningum fyrir þveranir, oft er miðað við hagsmuni veiðimanna með að vinna sem minnst við ár og vötn á veiðitímabilum, en mikilvægt að muna að utan veiðitíma eru hrogn og seiði ofan í botnmölinni og afar viðkvæm fyrir öllu raski. Eins þarf að huga vel að staðsetningu mastra nálægt vatnsföllum. Farvegur áa getur tekið breytingum og geta möstur þá endað á vatnsbakka. Gróður mun raskast við þessa framkvæmd án tillits til hvaða leið verður farin. Línuleið D mun raska gróðri á ræktarlöndum en A og B munu raska gróðri sem er í dag ekki mikið raskaður af manna völdum." Ráðuneytið ítrekar að mikilvægt sé að utan veiðitíma sé farið gætilega í allar framkvæmdir og þess sé gætt að þær valdi sem minnstu raski.“

Viðbrögð Landsnets

Landsnet mun skila inn áhrifamati á vatnshlot með framkvæmdaleyfisumsókn. Þar verða metin áhrif á gæðapætti vatnshlota sem framkvæmd kemur til með að þvera í samræmi við umsögn Umhverfis- og orkustofnunar og í samræmi við leiðbeiningar Umhverfisstofnunar um mat á áhrifum framkvæmda og starfsemi á vatnshlot¹.

Þegar ákvörðun liggur fyrir um hvaða aðalvalkost verður byrjað á verkhönnun, skipulagsbreytingum og gerð efnistökuáætlunar. Ef ákvörðun verður að fara í A3 og efni verður tekið úr efnistökusvæðum í námunda við ár verður leitað til Hafrannsóknastofnunar varðandi fyrirkomulag efnistöku og frágang í tengslum við vinnu við áhrifamat vatnshlota.

Við hönnun leggur Landsnet áherslu á varfærni við staðarval mastra til að lágmarka áhættu við árfarvegi. Mögulegar breytingar á árfarvegum verða hafðar til hliðsjónar við hönnun. Landsnet telur ekki raunhæft að hægt sé að tímasetja framkvæmdir alfarið utan veiðitíma en Landsnet reynir eins og kostur er að upplýsa veiðifélögin um framkvæmdatíma.

Landsnet tekur ekki undir með umsögn Veiðifélag Laxár á Ásum og Blomstra ehf um að vægiseinkunnir D valkosta eigi að vera hærri en fyrir valkosti A og B. D valkostir fela ekki í sér nýjar þveranir á ám og áhættan á áhrifum vegna rasks því lítil. Hvað varðar áhrif á ásynd er vísað í kafla 4.1.

Í umsögn Húnabyggðar er vísað í tiltekna punkta sem Landsnet gerir ráð fyrir að vísi til kaflaskiptingar í viðauka A, þar sem fram kemur samantekt um áhrif valkosta innan sveitarfélaga. Landsnet vill árétta að í þeim viðauka er ekki að finna tæmandi upplýsingar um umhverfismat valkosta. Þar er fyrst og fremst veitt yfirlit yfir helstu kennistærðir og gerð grein fyrir hvort marktækur munur sé á áhrifum valkosta á umhverfispætti milli sveitarfélaga. Landsnet tekur ekki undir með Húnabyggð að vægiseinkunn áhrifa á vatnalíf fyrir valkost A3 eigi að fara úr nokkuð neikvæðum áhrifum í töluverð. Allir valkostir í umhverfismati eru metnir út frá viðmiðum sem skilgreind eru í umhverfismatsskýrslunni. Grunnástand valkosta A3 er metið með miðlungs til hátt mikilvægi. Bein áhrif framkvæmdarinnar á vatnalíf, með mótvægisáðgerðum, eru talin hafa lítil til miðlungs neikvæð áhrif. Því er valkostur A3 metinn með nokkuð neikvæð áhrif á vatnalíf, en ekki töluverð. Með þeim mótvægisáðgerðum sem eru skilgreindar í umhverfismatsskýrslu og frekara samráð við Hafrannsóknastofnun og Umhverfis- og orkustofnun um útfærslu og frágang verða umfang áhrifa í lágmarki.

¹ Leiðbeiningar um áhrifamat fyrir vatnshlot_Útg.1_Desember 2024.pdf

3.2 Áhrif á gróðurfar og votlendi

Húnabyggð

Í umsögn segir:

„Í punkti 2.2. um gróður og vistkerfi setur Húnabyggð út á hvers lítil munur er á valkostunum. Það liggur fyrir að A3 valkosturinn fer um eitt stærsta votlendissvæði landsins sem er ósnert og því ætti þetta atriði alltaf að vera dæmt mjög neikvætt hvað varðar A3. Þá hafa heimamenn einnig af því áhyggjur að hlutar A3 leiðarinnar séu að fara óþarflega mikið um votlendissvæði þegar melar og öðruvísi undirlendi er möguleiki. Þetta á t.d. við um hluta leiðarinnar um Grímstunguheiði.“

Veiðifélag Víðidalstunguheiðar

Í umsögn segir:

„Af öllu þessu sem hér að framan greinir, þá bendir stjórn veiðifélagsins á að svæðið sem hér um ræðir er mjög sérstakt í náttúru Íslands, auðvitað fyrst og fremst vegna hins óraskaða votlendis, og þetta verða þeir að hafa í huga sem ætla sér að raska því með línuframkæmdum og því sem þeim fylgir. Nú vitum við að ekki hefur enn verið ákveðið hvar Holtavörðuheiðarlína 3 á að liggja, en tvær leiðir virðast nú helst koma til greina og gert er ráð fyrir að önnur þeirra þveri Víðidalstunguheiði. Samkvæmt þeim uppdráttum sem nú liggja fyrir er greinilegt að línun myndi liggja yfir óraskað votlendi, ef þessi leið yði valin og er það mjög vandmeðfarið svo ekki sé fastara að orðið kveðið. Því myndi óraskað votlendi á Íslandi minnka mjög, þrátt fyrir að ný kynslóð háspennulína myndi þvera landið.“

Okkar mat er að þrátt fyrir að reynt yrði að hlífa landinu eftir bestu getu, þá myndi það aldrei verða samt eftir línulögnina yfir votlendið og ásjóna og fjallasýn yrði ekki söm og áður. Náttúruverndargildi svæðisins minnkar óneitanlega, en það er ekki sama hvernig að verki verður staðið og hvaða leið nákvæmlega verður valin. Þess vegna óskum við þess að þegar nær dregur fáum við nákvæmar upplýsingar um væntanlega legu línunnar, - ef farið verður yfir Víðidalstunguheiði, - en ekki bara einhver ónákvæm strik á blaði, sem erfitt er að átta sig á hvar í landslaginu lendi. Á þessu svæði getur munað miklu hvort línuleiðinni sé hnikað hundrað til tvö hundruð metra til eða frá og því viljum við að okkar reyndasta fólk í smalamennsku verði fengið til ráðgjafar, verði niðurstaðan sú að leið Holtavörðuheiðarlínu 3 fari um Víðidalstunguheiði og þveri þar óraskað votlendi og beitarlönd bænda.“

Náttúrufræðistofnun

Í umsögn segir:

„Náttúrufræðistofnun vill þó benda á að í stöku tilfellum má taka betur tillit til fleiri vistgerða, t.d. innan mólendis og í því sambandi má benda á að grasmóavist er með hátt verndargildi líkt og lyngmóavistirnar og ætti þá að vera tekin út fyrir mólendið til samræmis við það (Tafla 1. í viðauka D_ gróðurfar). Víðikjarrvist er einnig tekin út fyrir mólendið skv. töflu 1 í viðauka D_ gróðurfar en virðist ekki koma fyrir í kortlagningu en samkvæmt vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar er allnokkuð um hana á línuleiðum A og B sunnan við Blönduvirkjun. Möguleg skýring er að við mat á grunnástandi er miðað við rasksvæði sem er töluvert minna en rannsóknasvæði sem miðast t.d. við 150 m út frá miðju raflína. Benda má sambærileg atriði í töflu 1, t.d. er varða verndargildi jarðhitasvæða en þau njóta verndar 61. greinar náttúruverndarlaga og hraunlendis (lágt í töflu 1) en þrjár af fjórum vistgerðum þess hafa miðlungs verndargildi. Það skal samt tekið fram að þetta kemur ekki að sök hér þar sem hvorki jarðhitasvæði né hraunlendi koma fyrir á rannsóknasvæði Holtavörðuheiðarlínu 3.“

Náttúrufræðistofnun vekur ennfremur athygli á því að í umhverfismatsskýrslu um fyrirliggjandi gögn og viðmið (bls 54, kafli 8.2) er Bernarsamningurinn tiltekinn sem eitt af viðmiðum sem lögð eru til grundvallar mati á áhrifum framkvæmda. Að öðru leyti er hvergi minnst sérstaklega á landvistgerðir sem eru á lista Bernarsamningsins yfir vistgerðir sem þarfnast verndar, hvorki í umhverfismatsskýrslu eða sérfræðiskýrslu, viðauka D_ gróðurfar. Náttúrufræðistofnun telur mikilvægt að halda því til haga, eða a.m.k. skýra hvernig Bernarsamningurinn er hluti af vægi í endurmati á verndargildi vistgerða (Olga Kolbrún Vilmundardóttir o.fl.).

Hafa verður í huga að verndargildi vistlenda hefur ekki verið metið líkt og verndargildi vistgerða. Engu að síður getur vistlendakort gefið góða mynd af útbreiðslu vistgerða með mjög hátt og hátt

verndargildi, einkum þar sem verndargildi allra eða velflestra vistgerða er sambærilegt að vistlendið njóti annarrar verndar sbr. 61. gr. nvl, s.s. votlendi. Þetta getur þó verið vandmeðfarið þar sem verndargildi vistgerða er ólíkt sbr. innan mólendis (lágt– mjög hátt), og þá spurning hvort umfjöllun um gróskumiklar vistgerðir mólendis með hátt verndagildi hverfi í umræðunni. Náttúrufræðistofnun telur þó það vel þess virði að þróa þessa nálgun áfram, einkum á viðfeðmum rannsóknasvæðum líkt og í tilfalli Holtavörðulínu 3. Ljóst er að rask á gróðurfari einkennir alla valkosti, vegna rasksvæða línumannverkja, línuvegagerðar þar sem hennar er þörf og efnistöku þar sem gert er ráð fyrir nýjum efnistökusvæðum eða stækkun núverandi efnistökusvæða.

Mikill munur er á heiðavalkostinum (A og B-leiðir) og láglandisvalkostinum (D-leiðir) þegar kemur að raski á votlendi, þ.m.t. votlendi sem nýtur sérstakrar verndar skv. 61. Grein laga um náttúruvernd nr. 60(2013). Á bæði A- og B-leiðum verður eitt stærsta samfellda votlendissvæði sem skráð er í gagnagrunni Náttúrufræðistofnunar yfir votlendi sem nýtur sérstakrar verndar, um 120 km² að stærð, þverað og verður fyrir umtalsverðu raski. Hluti þessa votlendis eru stórir, forblautir flóar með mörgum tjörnum, sem eru með mjög hátt verndargildi. Þó fyrirhugaðar framkvæmdir kæmu til með að raska litlum hluta þessara stóru votlendissvæða, þá gæti rask á hluta þess haft meiri áhrif á gildi svæðisins en flatarmál rasksvæðis segir til um, t.d. vegna uppbrots svæðisins og mögulegra breytinga á vatnsbúskap.

Gróðurfari á láglandisleiðum (D) er almennt fjölbreyttara en meira er um gróðurlendi er tengjast mannvist og sem eru að hluta til röskuð þ.m.t. tún, framræst votlendi o.fl. Þó er töluvert um fjölbreytt og gróskumikið mólendi.

Engar válista- eða friðaðar æðplöntur hafa fundist á línuleiðunum og var einnig kannað með skráningar í gagnagrunni Náttúrufræðistofnunar. Ekki kemur fram hvort einnig hafi verið athugað hvort friðaðar mosa- eða fléttutegundir gætu fundist á línuleiðinni. Ein sjaldgæf æðplöntutegund, sem er þó ekki friðuð eða á válista, dökkasef, finnst á línuleið A1.

Niðurstaða umhverfismatsins er að áhrif á gróðurfari af línuleiðum A og B (öllum valkostum) eru metin talsvert neikvæð en fyrir línuleiðir (D) nokkuð neikvæð. Náttúrufræðistofnun getur tekið undir þessa niðurstöðu, með þeim fyrirvara að mögulega hafi mat á áhrif á mólendi verið eitthvað vanmetið eins og útskýrt er hér að ofan. Margvíslegar mótvægisáðgerðir eru tilgreindar í töflu 8.9. Allt eru þetta góðar áðgerðir og til fyrirmyndar að skilgreina margar slíkar áðgerðir. Þær eru fjölbreyttar og krefjast aðkomu ýmissa aðila og því mikilvægt að þeim sé fylgt eftir að fullu af hendi skilgreindra ábyrgðaraðila.“

Forsætisráðuneytið

Í umsögn segir:

„Á bls. 57 er fjallað um grunnástand vistgerða og gróðurs við valkosti Holtavörðuheiðarlínu3. Þar segir m.a. "Valkostir A og B fara báðir yfir viðamikilið votlendissvæði, eitt það stærsta sinnar tegundar á landinu. Í raun er votlendið sem báðir valkostirnir þvera stærsta samfellda svæðið sem skráð er í gagnagrunni Náttúrufræðistofnunar yfir votlendi sem nýtur sérstakrar verndar, um 120 km² að stærð. Hlutar þessa votlendis eru stórir, forblautir flóar með mörgum tjörnum." Ráðuneytið minnir á votlendi nýtur sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013.“

[...]

Á bls. 152 segir m.a. "Valkostir A og B koma til með að breyta lykileinkennum landslagsheildanna á línuleiðum því þeir munu auka hlutdeild mannvirkja á svæðum þar sem lítið er um þau. Mastrastæði, slóðar og efnistökusvæði koma til með raska svæðum sem eru lítt snortin en umfang sjónrænna áhrifa eru staðbundin. Fyrir valkosti A og B þarf að sækja efni að mestu leyti í nýjar námur og fela því í sér meira nýtt rask vegna efnistökusvæða, samborið við valkosti D." Ráðuneytið leggur áherslu á að valinn sé sá valkostur sem valdi hvað minnstu raski.

Viðbrögð Landsnets

Báðir valkostir koma til með að fela í sér rask á votlendi sem nýtur sérstakrar verndar og, líkt og kemur fram í umsögnum og í umhverfismatsskýrslu, fer A3 um stærri óröskuð votlend svæði samborið við D-hlykk. Við frumhönnun valkosta hefur verið leitast við að draga úr beinu raski á votlendi. Við verkhönnun verður farið nánar yfir hvar eru möguleguleikar til að draga enn frekar úr

raski. Ábending um Grímsstunguheiði verður höfð til hliðsjónar. Við hönnun og á framkvæmdatíma er leitast við að draga úr raski eins og kostur er.

Landsnet tekur undir með Veiðifélagi Víðidalstunguheiðar um að það skiptir máli hvernig að verki verður staðið við gerð línuslóða og hvar slóðin liggur. Þegar ákvörðun liggur fyrir um aðalvalkost verður staðsetning slóða, og annarra rasksvæða, hönnuð í samráði við landeigendur og aðra hagsmunaaðila ef svo ber undir.

Eins og Náttúrufræðistofnun bendir réttilega á var ekki fjallað um Bernarsamninginn í sérfræðiskýrslu um gróðurfar. Í þeirri skýrslu var gróður að mestu flokkaður í vistlendi við kortlagningu, á meðan Bernarsamningurinn tekur til einstakra vistgerða. Vistgerðaflokkun Náttúrufræðistofnunar, m.t.t. Bernarsamningsins, var engu að síður höfð til hliðsjónar við útfærslu nálgunarinnar sem notuð var við kortlagninguna og vægismatið í kjölfar hennar, en það hefði mátt koma betur fram.

Að öðru leyti endurspeglar umsögn Náttúrufræðistofnunar helstu niðurstöður umhverfismatsins um gróðurfar og vistgerðir og krefst ekki frekari viðbragða. Landsnet mun nýta ábendingarnar sem komu fram í umsögninni varðandi að betrumbæta verklagið við rannsóknir á gróðurfari auk þess sem Landsnet hyggst á frekara samráð við Náttúrufræðistofnun um verklagið fyrir komandi umhverfismatsverkefni.

3.3 Áhrif á fuglalíf

Þingeyrar

Í umsögn segir:

„Umhverfismatið vegna fuglalífs er reist á ófullkomnum upplýsingum um varp hafarna því að ekkert tillit er tekið til óðals sem talið er vera austasti varpstaður arna á landinu. Óðalið hefur verið setið óslitið í um 10 ár og varpstaðurinn er í innan við 15 km frá línustæði D-kosta. Þess má geta að ungfugl frá þessu óðali flaug á núverandi háspennulínu. Í umfjöllun um hreiðurstæði hafarnar nálægt línustæði A er því slegið föstu að nálægðin auki áflugshættu. Hins vegar er ekki tekið tillit til þess að línan kunni að vera fuglinum kunnugleg og þekkt hindrun vegna nálægðarinnar og að möstrin nýtist fuglinum til hvíldar og útsýnis, sbr. niðurstöður portúgalskrar rannsóknar (Marques AT, Palma L, Lourenço R, Cangarato R, Leitão A, Mascarenhas M, Tavares JT, Tomé R, Moreira F, Beja P. Individual variability in space use near power lines by a long-lived territorial raptor. Ecol Evol. 2022 Apr 7;12(4):e8811. doi: 10.1002/ece3.8811. PMID: 35414+898; PMCID: PMC8987490). Þar kemur fram að áflugshætta sé ekki veruleg, en möstur nálægt hreiðurstæði þurfi að útbúa þannig að fuglinum stafi ekki hættu af raflosti. Engin rök eru fyrir því að varp hafarna hafi neikvæð áhrif á vægiseinkunn hálendisleiðar (A-kosta) umfram áhrif á láglendisleið (D-kosta) og þekktur varpstaður á sér mun lengri og samfellda sögu við láglendisleiðina en hálendisleiðina. Þá má velta upp þeirri spurningu hvort mat á áhrifum A-kosta annars vegar og D-kosta hins vegar sé samanburðarhæft við mat á áhrifum á fuglalíf almennt, þar sem ekki var beitt sömu aðferðum við talningu á fuglum á hálendi og láglendi. Á hálendi var flogið yfir en talið af landi á láglendi. Nákvæmni aðferðanna er talin ólík og háð mismunandi þáttum eins og því hvaða tegundir er verið að telja. Auk þess fóru talningar að einhverju leyti fram á mismunandi tímum eftir svæðum. Einnig má ætla að sú staðreynd ein og sér að láglendislína er um 35% lengri en hálendislína auki áflugsáhættu fugla. Í ljósi þess sem hér hefur verið rakið og að í umhverfismatsskýrslunni kemur fram að Hóp-Vatnsdalur (láglendisleið) sé alþjóðlega mikilvægt fuglasvæði hníga öll rök að því að umhverfismat fuglalífs svæðanna verði endurskoðað.“

Húnabyggð

Í umsögn segir:

„Í punkti 2.4. um fuglalíf er spurning hvort að A3 ætti að fá enn neikvæðari stimpil vegna alls þess votlendis sem raskað verður?“

Náttúruverndarstofnun

Í umsögn segir:

Fuglar gætu orðið fyrir alvarlegum áhrifum af fyrirhugaðri línu. Arnarhreiður við línuleiðir A og B kallar á sérstaka varkárni og nauðsynlegt að skoða leiðir til að sneiða hjá því hreiðri ef önnur hvor þeirra línuleiða verða valdar. Allar leiðir fara í gegnum mikilvæg fuglasvæði og jákvætt að Landsnet ætli að skoða leiðir til koma í veg fyrir flug fugla á línur.

Náttúrufræðistofnun

Í umsögn segir:

„Rannsóknir á fuglalífi voru ítarlegar og fjölbreyttar. Það leiðir til þess að forsendur fyrir mat á áhrifum á fuglalíf verða að teljast mjög góðar. Þó vill Náttúrufræðistofnun benda á að í umsögn sinni um matsáætlun var bent á notagildi í sendagögnum (GPS) sem sett hafa verið á fugla og gefa upplýsingar um farleiðir. Það er ekki síst mikilvægt við mat á áflugshættu. Náttúrufræðistofnun býr yfir upplýsingum um far hafarna og gæsattegunda sem hefði gagnast fyrir umhverfismatið sem eru ekki aðgengilegar opinberlega, en hægt að fá upplýsingar um hjá stofnuninni. Gögn um ferðir hafarna teljast viðkvæmar upplýsingar þar sem úr þeim má greina hvar arnarhreiður eru staðsett.

Fram kemur í umhverfismatsskýrslunni að hreiðurstæði hafarnar sé mjög nálægt línuleiðum A og B og að arnarungar hafi haldið sig nálægt hreiðursvæðinu í töluverðan tíma eftir að hafa yfirgefið hreiðrið. Áflugshætta er því metin umtalsverð fyrir hafarni á a.m.k. hluta þeirrar línuleiðar. Náttúrufræðistofnun hefur einnig upplýsingar um umferðir merktra ungra hafarna um láglendissvæði þar sem línuleið D liggur. Þar er umferð mjög mikil og jafnvel meiri en um heiðalöndin. Hafarnahreiður er í Vesturhópi. Það hreiður er í yfir 10 km fjarlægð frá línuleiðum D en ungar úr því hreiðri eru á mikilli ferð um þá sveit sem og Víðidal og Vatnsdal og farupplýsingar sýna að þeir þvera áætlaða línulegu mjög víða, sérstaklega þegar þeir fylgja ám eins og Víðidalsá og Vatnsdalsá. Allmörg svæði þar sem áflugshætta er mikil fyrir hafarni er því á línuleið D. Vitað er um áflug ungs hafarnar á núverandi byggðalínu á þessum slóðum. Taka mætti betur tillit til þessa og er Náttúrufræðistofnun reiðubúin að veita ítarlegri ráðgjöf þessu tengt.

Mikilvæg fuglasvæði eru á öllum línuleiðum og fuglalíf almennt fjölbreytt. Fyrir heiðalöndin er ljóst að umfangsmikil votlendis- og vatnasvæði verða fyrir raski og áflugshætta skapast á svæðum sem eru með mikilvægari varplöndum álfta, duggandar og himbrima á landsvísu. Þar er þéttleiki mófugla einnig meiri og eins og áður segir hafarnarvarp við línuleiðina. Margar ábyrgðar- og válistategundir verða fyrir mögulegum áhrifum.

Niðurstaða umhverfismatsins er að áhrif á fuglalíf eru metin talsvert neikvæð fyrir línuleiðir A og B. Náttúrufræðistofnun tekur undir það. Fyrir línuleiðir Deru áhrifin metin nokkuð neikvæð (D1-D3-Dh) eða nokkuð til talsvert neikvæð (D2) einkum vegna áhrifa á vatnafugla sem sækja vatnasvæði og nýta sér tún og önnur landbúnaðarsvæði á fartíma (einkum gæsir og álftir). Áflugshætta er einnig metin meiri á línuleið D þar sem hún er lengri og þverar svæði þar sem er mikil umferð fugla sem eru viðkvæmir þ.e.a.s. andfugla. Ef bætt er við því sem bent er á hér fyrir ofan varðandi umferð hafarna um línuleiðir D er það mat Náttúrufræðistofnunar að allir D-valkostir ættu að vera metin með nokkuð til talsvert neikvæð áhrif á fuglalíf.

Það er því ljóst að enginn valkostur fyrir Holtavörðuheiðarlínu 3 er góður fyrir fuglalíf, einkum því áflugshætta er alls staðar metin mikil. Það er því afar brýnt að mati Náttúrufræðistofnunar að gert sé allt til þess að beita mótvægisáðgerðum gegn áflugi, og er stofnunin tilbúin í frekara samráð um hvar og hvernig best sé að því staðið. Staðir þar sem umferð er alla jafna mjög mikil, einkum í kringum ár og vötn og þar sem stórir hópar andfugla nýta sér svæði til beitar, þarf að skoða sérstaklega vel.

Viðbrögð Landsnets

Bein áhrif á votlendi er tekið sérstaklega fyrir í áhrifamati á gróðurfar og vistgerðir. Gildi votlendis fyrir fuglalíf er tekið með inn í áhrifamat á fuglalíf í umhverfismati og telur Landsnet ekki þörf á að breyta vægiseinkunn áhrifa á fuglalíf..

Í ljósi upplýsinga sem koma fram í ofangreindum umsögnum um haförn í nágrenni við D valkosti tekur Landsnet undir með Náttúrufræðistofnun og Þingeyrar um að endurskoða vægiseinkunn og að D

valkostir fá einnig talsvert neikvæð áhrif, líkt og valkostir A og B. Sömuleiðis er Landsnet sammála um mikilvægi mótvægisáðgerða til að draga úr áflugi og mun vera í áframhaldandi samtali við Náttúrufræðistofnun um útfærslur þeirra.

3.4 Áhrif á skógrækt

Mæva Marlene Urbschat

Í umsögn segir:

„Litla Búrfell er ekki „bara“ með skógrækt á vegum Norðurlandsskóga. Í heild er þetta verkefni um 250 hektara stórt, svæðið er afgirt og friðað fyrir beit. Þarna eru síðan 2005 - í samræmi við landslagið - aðeins íslenskar plöntur (birki og reynir) gróðursett.

Vistheimt á Litla Búrfelli tók miklum framförum eftir að Norðurlandsskógar hófu þátttöku í norrænu vistheimtarverkefni árið 2009 og eins og segir í lýsingu þess:

„Vistheimt stuðlar að endurreisn líffræðilegrar fjölbreytni og virkni vistkerfa og er jafnframt mikilvægur þáttur í mótvægisáðgerðum gegn hraðfara loftslagsbreytingum.“ „Tilgangur verkefnisins er að mynda norrænt samstarfsnet um vistheimt, safna upplýsingum um starf að vistheimt og stuðla að því að efla slíkt starf á Norðurlöndum“. (LBHÍ & Landvernd Íslands (2018; Vistheimt á Íslandi, bls 53 <https://www.land.is/wp-content/uploads/2018/01/Vistheimt-%C3%A1-%C3%8Dlandi.pdf>). Höfum við eigendur Litla-Búrfells lagt allt kapp á að vistheimtin megi lukkast “eins og til var sáð” og er vistheimtarsvæðið orðið afar gróskumikið.

En ekki er annað að sjá en að vistheimtarverkefnið á Litla-Búrfelli hafi algerlega farið fram hjá skýrsluhöfundum hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins (Borgar Páll Bragason, Eiríkur Loftsson & Sigurður Torfi Sigurðsson M_Landbúnaður-skógrækt.pdf).

„Í þeim uppdráttum af D3-valkosti fyrir línuleiðina frá Akri til Tunguness sem nú liggja fyrir er greinilegt að línán myndi liggja þvert í gegnum Litla-Búrfellsland og þar með yfir skógræktarsvæði og stórt vistheimtarverkefni með birkiskógrækt, auk lítt raskaðs votlendis.

Litla-Búrfell er með skógræktarkvöð á jörðinni, þinglýst hjá Sýslumanni á Blönduósi. Þessum skógræktarsamningi fylgir loftmynd, sem sýnir áætlað skógræktarland. En útreikningarnir í skýrslunni fyrir umhverfismatsskýrslu Landsnets - unnin af rekstrar- og umhverfissviði hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins - sem varðar áhrif í skógræktarlandi segja að heildarlengd vega á línuleið valkostar D (eftir því hvaða útfærsla valkostar er valin) yrði samkvæmt uppdrátti 1.750 – 2.200 m (bls. 51 M_Landbúnaður-skógrækt.pdf). Það er ekki rétt.“

Skógræktarfélag Austur-Húnavetninga

Í umsögn segir:

„Í tölvupósti til Landsnets 12. mars 2023 er bent á skógrækt í landi Gunnfríðarstaða, L 145295. Jörðina á Skógræktarfélagi Austur – Húnavetninga samkvæmt gjafabréfi dagsett 3. nóvember 1961 og þinglýst 2. janúar 1962. Í gjafabréfi stendur í 1. lið. „Land jarðarinnar verði um aldur og ævi eingöngu notað til skógræktar og aldrei selt eða afhent öðrum.....“. Þar hófst skógrækt sumarið 1962.

Áætlað línustæði D 1, sem kallað hefur verið D hnykkur, færi um svæði sem skógrækt hefur verið í frá árinu 2000 og er um sérstakur skógræktarsamningur, Landgræðsluskógur, við Skógræktarfélag Íslands undirritaður 14. maí 2001 og þinglýstur 15. júní 2001.

Samningurinn nær yfir efri hluta jarðarinnar Gunnfríðarstaða og nær yfir um 70 ha.

Hæstu trjáplönturnar eru orðnar um 8 m háar og mynda orðið skóg. Skógur er þegar að trjágróður hefur náð 2 m hæð fullvaxta, skógarþekja skal vera 10% fullvaxta og vera að lámarki 0,5 ha að flatarmáli.

Á Landgræðsluskógasvæðinu er orðinn skógur sem bindur kolefni og græðir upp landið. Fleiri fuglategundir og fjölbreyttari gróður. Vinsælar gönguleiðir og með góðu útsýni yfir Ásana.

Skógræktar- og útivistarsvæðið á Gunnfríðarstöðum verður margklofið ef sett væri 220 kV rafmagslína (merkt D 1) í landið og útivistarmöguleikar verða mun lakara. Möguleikar á að reisa mannvirki eins og hús í skóginum verða minni.

Fella þarf skóg undan hugsanlegri línu eins og búið er að gera undir gömlu Byggðalínunni sem fer í gegnum skóginn neðan Bakásavegar.“

Land og skógur

Í umsögn segir:

„Landgræðslan sendi á sínum tíma inn umsögn um málið á fyrri stigum (matsáætlun), og Skógræktin eins. Landsnet brást við umsögnunum, sjá hér¹. Í viðbrögðum Landsnets (9.1) við umsögn Skógræktarinnar við matsáætlunina kom fram eftirfarandi: Landsnet mun nýta Skóglendisvefsjána í umhverfismati Holtavörðuheildarlínu 3. Í umhverfismatsskýrslu verður skerpt á umfjöllun um viðkvæmni skógræktar svæða og framtíðarmöguleika til skógræktar á svæðinu. Horft verður til hvaða áherslur eru settar fram í Landgræðsluáætlun og landsáætlun í skógrækt – Land og líf. - Ekki er að sjá í fljótu bragði að notast hafi verið við skóglendisvefsjána við skrif umhverfismatsskýrslunnar. V.a.m. er skóglendisvefsjá alls ekki það sama og kortagrunnur fyrir skógræktarverkefni. Í upptalingu í kafla 17.2 um gögn og viðmið (bls. 177) er hennar og ekki getið. Í umhverfismatsskýrslunni er ekki minnst sérstaklega á Land og líf, landgræðsluáætlun og landsáætlun í skógrækt. Í viðbrögðum Landsnets (9.2) við umsögn Skógræktarinnar við matsáætlunina kom fram eftirfarandi: Landsnet mun í umhverfismati bera saman umhverfisáhrif valkosta á tilgreinda umhverfispætti, þ.m.t. skóga, skógrækt og skógræktarmöguleik[a]. Landsnet mun kanna möguleika þess að tengja slíkt áhrifamat við atvinnuþróunarmál og landbúnaðarmál. - Vissulega hafa áhrif valkosta á skóga og ræktaða skóga verið borin saman í umhverfismatsskýrslunni. En ekki er að sjá í fljótu bragði að gerð hafi verið tilraun til að skoða áhrif þeirra á skógræktarmöguleika. Í umfjöllun um atvinnumál er ekki fjallað um skógrækt, og á með verulegum annmörkum í umfjöllun um landbúnað.“

„Áhrif framkvæmdarinnar á skóga og skógrækt eru ekki metin fyllilega. Þau eru að hluta metin annarsvegar í kaflanum um landbúnað og skógrækt (kafla 17), og hinsvegar í kaflanum um gróður (kafla 8). Nánar er farið yfir það í umsögninni hér á eftir (liðir 1 og 2). Við lauslega skoðun virðast allir skógar teknir með í reikninginn við mat á kolefnisspori framkvæmdanna (sjá t.d. töflu 19.1 bls. 214), og er það vel.“

„1. Í kaflanum um landbúnað og skógrækt eru skógrækt beinlínis skilgreind sem „Land á bújörðum á viðkomandi línuleið sem er samningsbundið skógræktarsvæði í verkefninu „Skógrækt á lögbýlum“ og stærð þess. Land til nytjaskógræktar.“ (Tafla 17.1. Skýringar á hugtökum fyrir ræktað land og skógrækt bls. 178). Og skógræktarland er skilgreint sem „land á bújörðum á viðkomandi línuleið sem er samningsbundið skógræktarsvæði í verkefninu „Skógrækt á lögbýlum“ og stærð þess. Land til nytjaskógræktar.“ (bls. 5 í viðauka M um landbúnað og skógrækt²). Undirritaður bendir á að vissulega er eðlilegt upp að einhverju marki að meta áhrif á skógrækt á svipaðan hátt og á annan landbúnað, þ.m.t. áhrif framkvæmdar á möguleika til þess að rækta skóg í framtíðinni. Í þessu samhengi er því mikilvægt að gera sér grein fyrir tvennu: a) háspennulínur yfir tún takmarka ekki á neinn hátt ræktun þeirra og nýtingu (nema þar sem eru línuvegir, stög og stöplar), en skógrækt er hinsvegar verulega takmörkum háð undir loftlínunum, eðlilega. Ekki er að sjá að í umfjöllun um landbúnað og skógrækt sé þessu veigamikla atriði gefinn gaumur. b) Fyrir utan samningsbundna skógrækt á lögbýlum er margskonar önnur skógrækt stunduð, og t.a.m. er það hverjum bónda frjálst að fara út í skógrækt án þess að hún sé samningsbundin sem bændaskógrækt. Engin tilraun er gerð til þess í viðaukanum að skoða aðra skógrækt en einungis samningsbundna skógrækt á lögbýlum.“

„2. Áhrif framkvæmdarinnar á skóga og eftir atvikum ræktaða skóga eru metin í viðaukum D um gróður, sem eru svo nýttir í kafla 8 í umhverfismatsskýrslunni. Í þeim skýrslum er ágætlega rakið hversu mikið skóglendi er undir hugsanlegum línustæðum. Í viðauka D eru ræktaðir skógar metnir sérstaklega, og náttúrulegir skógar sérstaklega. Undirritaður gerir ekki athugasemdir við viðauka D og ekki heldur kafla 8 í skýrslunni sem byggir á viðaukanum. - - -

Stofnunin telur umhverfismatsskýrsluna verulega gallaða, eins og að ofan er rakið. Óljóst er þó hvort betri aðferðir við mat á áhrifum framkvæmdanna á skóga og skógrækt hefðu skilað annarri niðurstöðu umhverfismats, og treystir undirritaður sér ekki til að segja neitt um það. Að því sögðu telur undirritaður ekkert að athuga við áætlaðar mótvægisáðgerðir (hvað varðar skóga og skógrækt), sem raktar eru í töflu 26.1 (bls. 237-241).“

„Nú er það svo að skógar og skógræktaráform eru ekki endilega réttthærrí öðrum fyrirbrigðum í náttúrunni eða í manngerðu umhverfi, og komi til þess að reynist nauðsynlegt að leggja háspennulínu yfir skóg eða skógræktarsvæði, með tilheyrandi helgunar- og öryggissvæði, verður svo að vera. Koma þá til mótvægisáðgerðir skv. skógræktarlögum (33/2019) og eftir atvikum bætur, sem eru

vissulega fyrir utan viðfangsefni umhverfismatsskýrslunnar. Hvað sem því líður telur undirritaður það mikilvægt að mat á áhrifum framkvæmda á skóga og skógrækt séu ekki látin falla milli skips og bryggju við umhverfismat. Undirritaður vonar að við gerð umhverfismatsáætlana í framtíðinni verði þetta atriði skoðað betur.“

Viðbrögð Landsnets

Landsnet tekur ekki undir þá staðhæfingu að mat á áhrifum framkvæmdarinnar á skóga og skógrækt sé ófullnægjandi. Í kafla um landbúnað og skógrækt er áhersla lögð á fyrirbyggjandi gögn um ræktað land, sem ýmist tengist landbúnaði eða skógrækt. Unnið var með gögn sem tengjast bújörðum, þar með talið landupplýsingagögn frá Land og skógi um skógræktarsvæði sem tengjast verkefninu „Skógrækt á lögbýlum“. Í rannsóknarskýrslu RML er skráð heildarstærð skógræktarlands á bújörðum á línuleiðum og fjöldi búa sem taka þátt í samningsbundnum skógræktarverkefnum.

Þá tekur Landsnet ekki undir þá staðhæfingu að ekki hafi verið skoðuð önnur skógrækt en samningsbundna skógrækt á lögbýlum. Í kafla 8 um gróðurfar og vistgerðir, og í úttekt Náttúrustofu Austurlands sem fylgir með í viðauka D, er gerð grein fyrir skóglendi á áhrifasvæði valkosta og gerður greinarmunur á náttúrulegum skógi og skógrækt, þar á meðal vistheimt á Litla-Búrfelli.

Landsnet telur að almennt geti skógrækt og háspennulínur farið saman svo fremi sem skógrækt fari ekki fram innan helgunarsvæðis línanna og bendir á að innan helgunarsvæðis er gróður hærri en 3,5 m bannaður ².

Umsögn Lands og skóga bendir á að í kaflanum um atvinnumál sé ekki fjallað sérstaklega um skógrækt. Landsnet áréttar að sá kafli fjallar almennt um atvinnuþróun á svæðinu í tengslum við aukið afhendingaröryggi rafmagns. Í umhverfismatsskýrslu eru áhrif á atvinnugreinar á borð við ferðaþjónustu, landbúnað og skógrækt dregin sérstaklega fram í öðrum köflum.

Umhverfismatsskýrsla Holtavörðuheildarlínu 3 uppfyllir nauðsynlegar kröfur samkvæmt lögum nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Í skýrslunni er gerð grein fyrir grunnástandi skógræktar, bæði ræktuðum skógi og náttúrulegum, og mat lagt á umfang áhrifa fyrirhugaðra framkvæmda. Landsnet mun samt sem áður taka ábendingar sem koma fram í umsögnum til greina og skoða leiðir til að auka skýrleika í umfjöllun um skógrækt í umhverfismati framtíðarverkefna sinna. Landsnet tekur undir að landsáætlunin Land og líf ætti að vera nefnd í upptalningu á gögnum og viðmiðum í kafla 17.2 í umhverfismatsskýrslunni.

Þegar aðalvalkostur liggur fyrir mun Landsnet eiga samtal við landeigendur um staðsetningu einstakra framkvæmdaþátta, s.s. mastrastæða, vegslóða og efnistökusvæða innan þeirra landareigna. Á þeim vettvangi verður hægt að óska eftir því að hliðra framkvæmdinni til í þeim tilgangi að aðlaga frekar að landnotkun á svæðinu. Allar beiðnir um breytingar verða skoðaðar og hvort þær uppfylli markmið framkvæmdar. Landsnet væntir þess að í þeirri undirbúningsvinnu sem fram fer að loknu álit Skipulagsstofnunar og ákvörðun um aðalvalkost, náist farsæl lausn um framkvæmdina.

Í samræmi við lög nr. 33/2019 verður gripið til viðeigandi aðgerða við endurheimt skóga þar sem það á við, í samráði við Land og skóg.

² Landsnet. 2025. Háspennulínur – aðgát skal höfð.

3.5 Áhrif á vatnsvernd

Umhverfis- og orkustofnun

Í umsögn segir:

„Í umfjöllun skýrslunnar um niðurstöðu mats á áhrifum valkosta á vatnshlot og vatnsvernd kemur fram að framkvæmdaraðili hyggst hafa samráð við Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra við allar framkvæmdir á vatnsverndarsvæðum til þess að tryggja öryggi neysluvatns og verður kröfum í reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp fylgt. Umhverfis- og orkustofnun gerir ekki athugasemdir við umfjöllun um áform varðandi fráveitumál.“

„Í kafla 11.6.1 um mótvægisáðgerðir kemur fram að skv. lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, er atvinnurekanda skylt að tilkynna Vinnueftirliti ríkisins um hvers kyns mengunaróhöpp. Fylgt verður reglugerð nr. 160/2007 um varnir gegn hættu á stórslysum af völdum hættulegra efna þar sem fram kemur að rekstraraðila beri að tilkynna tafarlaust um stórslys til slökkviliðs og lögreglu, en starfsemi slökkviliðs felst m.a. í viðbrögðum við mengunaróhappi á landi skv. lögum um brunavarnir nr. 75/2000. Umhverfis- og orkustofnun tekur undir nauðsyn þess að uppfylla ofangreindar kröfur og gerir að öðru leyti ekki athugasemdir við áform varðandi kröfur um hollustuhætti.“

„Í kafla 28 um leyfismál kemur fram að Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra veitir starfsleyfi fyrir nokkrum þáttum framkvæmdarinnar í samræmi við lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, m.a. vegna tengivirkja, efnistöku, framkvæmda á vatnsverndarsvæðum og reksturs vinnubúða. Í kafla 8.5 kemur fram að aukin umferð auki óbeint hættu á utanvegaakstri og að mengun frá sinkhúð raflínumastra getur haft staðbundin áhrif á mosagróður. Landsnet hefur reglulega staðið að sýnatökum á mosa og jarðveg við háspennumöstur til að meta áhrif veðrunar á sinkhúð háspennumastra á nærliggjandi umhverfi, í mosa og jarðvegi. Í kafla 11.1 kemur fram að í mati á áhrifum valkosta á vatnshlot og vatnsvernd er leitast við að svara eftirfarandi matsspurningum: Hvað verður gert til að lágmarka hættu á mengun í grunnvatni? Sjá einnig umfjöllun hér fyrir neðan um stjórn vatnamála. Umhverfis- og orkustofnun telur umfjöllun og áform um mengunarvarnir viðunandi.“

Viðbrögð Landsnets

Umsögn kallar ekki á viðbrögð af hálfu Landsnets.

3.6 Umfjöllun um kolefnisspor

Marlene Urbschat

Í umsögn segir:

„Eins er ljóst að Landsnet hefur heldur ekki rétta mynd af kolefnisfótspori Litla-Búrfells þar sem vistheimtarverkefni okkar er ekki tekið með í umhverfismati ykkar. Í umhverfismatsskýrslunni teljast fyrirbyggjandi kolefnissporsútreikningar ófullnægjandi, því þeir meta EKKI losun í viðkvæmum eða vernduðum vistkerfum „vegna landnotkunar og breytinga á landnotkun vegna t.d. lagningar vegslóða, mastra og plana“, eins og segir í minnisblaði Eflu Verkfræðistofu (14.5.24, bls. 2 – 3 O_Kolefnisspor.pdf).“

Húnabyggð

Í umsögn segir:

„Í punkti 2.12. um loftslag er talað um kolefnisspor og að D-hlykkurinn talin hafa verra kolefnisspor vegna lengdar línunnar. Ekki hefur verið sýnt fram á þetta með neinum útreikningum, en að minnsta kosti hefur þeim ekki verið deilt með Húnabyggð. Þá er vandséð að lengdarmunurinn (+30km) hafi afgerandi áhrif hvað þetta varðar þegar önnur leiðin er yfir ósnert víðerni þar sem opna á fjölmargar námur, raska vorlendi o.s.frv. Þá er ótalin sú vegagerð sem þarf að eiga sér stað til að komast inn á hálendið o.s.frv. Þetta stenst því varla skoðun nema að með fylgi hvaða útreikningar liggja þarna að baki.“

Umhverfis- og orkustofnun

Í umsögn segir:

„Í kafla 6.5 kemur fram að það geti orðið möguleg áhrif á loftslag vegna SF_6 útlosunar en gasið er notað sem neistavari í rafbúnaði flutningslína. Þá getur röskun á jarðvegi valdið losun á gróðurhúsalofttegundum. Landsnet hefur sett sér markmið um SF_6 útlosun.

Einnig megi búast við losun vegna framleiðslu orku sem tapast í flutningskerfinu og losun sem verður við keyrslu varaafsstöðva vegna truflana í kerfinu. Í kafla 19.5 er umfjöllun um niðurstöðu mats á áhrifum valkosta á loftslag og mótvægisáðgerðir vegna losunar gróðurhúsalofttegunda.

Öllum valkostum fylgir kolefnisspor og kolefnisspor mannvirkja D valkosta er meira en valkosta A og B en lengd þeirra er helsti áhrifaþátturinn. Ekki er munur á milli valkosta hvað varðar flutningstöp og losun á SF_6 gasi.

Fram kemur að Landsnet áformi að endurheimta gróðurlendi á móti því sem raskast í samráði við Land og skóg. Takist ekki að vinna að endurheimt innan sveitarfélaga sem framkvæmdin fer um, mun Landsnet vinna að kolefnisjöfnun með öðrum hætti, t.d. með samningum við viðeigandi aðila. Umhverfis- og orkustofnun telur umfjöllun um loftslagsmál fullnægjandi.“

Viðbrögð Landsnets

Í umhverfismatsskýrslu fá báðir valkostir A3 og D-hlykkur vægiseinkunnina nokkuð neikvæð áhrif á loftslag vegna mannvirkjagerðar. Þó að vægiseinkunnin sé sú sama eru forsendurnar ólíkar.

Efla vann útreikninga á kolefnisspori flutningskerfisins sjálfs og fylgir skýrslan með umhverfismatsskýrslunni (viðauki O). Í þeim útreikningum er ekki metin losun vegna landnotkunar og breytinga á landnotkun vegna t.d. lagningar vegslóða, mastra og plana. Í þessum útreikningum er D-hlykkur með hærra kolefnisspor, fyrst og fremst vegna lengd línunnar. Eins og sýnt er á mynd 19.2 í umhverfismatsskýrslu eru það einkum stálmöstur og leiðarar sem hafa áhrif á kolefnissporið.

Hvað varðar landnotkun var ákveðið að draga fram mun á milli valkosta í umhverfismatsskýrslu í ljósi óvissu sem er um útreikninga á losun frá landi og rakinn er í umhverfismatsskýrslunni, kafla 19. D valkostir fara meira um skógrækt og valkostir A og B fara um stór óröskuð votlendi uppi á heiðunum, sem geyma líklega mikinn kolefnisforða.

3.7 Umfjöllun um jarðmyndanir

Húnabyggð

Í umsögn segir:

„Í punkti 2.3. um jarðmyndanir fá kostirnir sömu einkunn, sem getur varla staðist þar sem annað svæðið er óraskað.“

Náttúrufræðistofnun

Í umsögn segir:

„Mesta rask á jarðminjum er vegna efnistökusvæða. Þar munar miklu um að fyrir leiðir A og B um heiðalönd er gert ráð fyrir 27 nýjum efnistökusvæðum en aðeins 4 nýjum efnistökusvæðum fyrir láglendisleiðir D. Leið D liggur þó um fjölbreyttara landslag og úrval jarðmyndana því meira t.d. eru sjávarsetlög frá Miðfirði að finna í Vatnsdal og Víðidal og eru jarðmyndanir í Köldukinnahólum undir hverfisvernd, en D1- og D2-línuleiðir liggja í jaðri þess svæðis. Ekkert rask er áætlað á jarðmyndunum sem njóta sérstakrar verndar eða eru innan svæða á náttúruminjasrár þar sem verndargildi felst í jarðmyndunum.

Nálægð er við fossa og gil sem eru á náttúruminjasrá (C-hluta), hafa verið tilnefnd á B-hluta náttúruminjasrár eða falla undir sérstaka vernd. Ekkert beint rask verður á þessum fossum og giljum en ásýndaráhrif geta verið til staðar og er ágætlega lagt mat á það í umhverfismatinu og það hefur vægi við mat á jarðmyndanir.

Niðurstaða umhverfismatsins er að áhrif á jarðmyndanir eru metin nokkuð neikvæð fyrir allar línuleiðirnema B1 þar sem áhrifin eru metin talsvert neikvæð. Ólíklegt er því að umhverfisþátturinn hafi mikil áhrif á endanlegan samanburð milli aðalvalkosta. Náttúrufræðistofnun tekur undir niðurstöðu umhverfismatsins fyrir jarðmyndanir.“

Viðbrögð Landsnets

Báðum valkostum fylgir rask. Í umhverfismati er áhersla lögð á að fjalla um áhrif á jarðmyndanir sem falla undir sérstaka vernd í náttúruverndarlögum eða eru á náttúruminjaskrá. Líkt og kemur fram í umsögn Náttúrufræðistofnunar og í umhverfismatsskýrslu fela valkostir ekki í sér beint rask á ofangreindar jarðmyndanir.

3.8 Umfjöllun um náttúru- og hverfisvernd

Húnabyggð

Í umsögn segir:

„Í punkti 2.14. um náttúru- og hverfisverndarsvæði er það mat Húnabyggð að A3 hljóti að teljast verulega neikvæður kostur. Áform hafa verið uppi um að stofna þjóðgarð á þessu svæði og ef af yrði gæti það truflað þetta verkefni mikið.“

Náttúruverndarstofnun

Í umsögn segir:

„Náttúruverndarstofnun fagnar að sjá vandaða og ítarlega vinnu við valkostagreiningar lagða fram. Út frá þeirri greiningu er ljóst að leiðir einkenndar með bókstafnum D eru líklegri til að hafa minni áhrif á lítt raskað lífríki. Af þeim línuleiðum sem til umfjöllunar eru sneiðir leið D best frá svæðum á náttúruminjaskrá. Leiðir A og B eru hinsvegar nær alfarið innan svæða sem tilnefnd hafa verið á framkvæmdaráætlun náttúruminjaskrár (B-hluti) en það eru svæðin Arnarvatnsheiði auk Grímstunguheiði-Blanda. Leið D2 fer yfir Hrútafjarðarháls en hann tilheyrir tillögusvæði til B-hluta Arnarvatnsheiði. Leið D fer svo yfir Hóp-Vatnsdalur sem er svæði sem er einnig tilnefnt á B-hluta náttúruminjaskrár auk þess sem Eylendið, Flóðið og Húnavatn eru skráð á C-hluta náttúruminjaskrár.

Áhrif á líffræðilega fjölbreytni verða alltaf talsverð í verkefni af þessari stærðargráðu. Þau verndarsvæði sem nefnd hafa verið, eru tilnefnd vegna sérstakra vistgerða sem mikilvægt er að hlúa að m.a. vegna mikilvægrar þjónustu vistkerfa, sjaldgæfi eða viðkvæmi. Það er því mikilvægt að framkvæmdir sneiði eins og kostur er framhjá slíkum svæðum og ef nauðsynlegt er fara inná slík svæði skal leita allra leiða til að halda öllum áhrifum og raski í algeru lágmarki. Þessi verndarsvæði eru einnig mikilvægur hluti af alþjóðlegum skuldbindingum ríkisins svo sem Bernarsamningnum og samningi Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni.“

Náttúrufræðistofnun

Í umsögn segir:

„Mat á áhrifum framkvæmdarinnar á náttúru- og hverfisverndarsvæði gefur til kynna að allar línuleiðir liggja um eða nálægt svæðum á gildandi náttúruminjaskrá (C-hluta, um svæði sem tilheyrir tillögum Náttúrufræðistofnunar að B-hluta náttúruminjaskrár og um svæði undir hverfisvernd. Í þessu mati var ekki horft til svæða sem falla undir ákvæði um sérstaka vernd, en umfjöllun um slík svæði er í staðinn í köflum um áhrif á gróðurfar og jarðmyndanir. Vísa hefði mátt betur í þessi svæði einnig hér í þessari umfjöllun því það teljast einnig verndarsvæði. Niðurstaða matsins er að línuleiðir A og B eru metnar hafa talsvert neikvæð áhrif á náttúru- og hverfisverndarsvæði en línuleið D með nokkuð neikvæð áhrif. Lítil munur er milli einstakra útfærslna innan línuleiða. Náttúrufræðistofnun getur tekið undir þessa niðurstöðu.“

Forsætisráðuneytið

Í umsögn segir:

„Á bls. 69, segir m.a. Í námunda við valkosti A, austan Friðmundarvatna á hálendi Húnabyggðar, eru Vallgil, Blöndugil og Rugludalur sem teljast sem aðrar náttúruminjar (svæði nr. 412 á C-hluta náttúruminjaskrár). Verndargildið felst í gljúfrum með gróðursælum hvömmum og birkikjarri.“
Ráðuneytið leggur áherslu á að við hönnun línunnar verði þess gætt eftir fremsta megi að hún liggi ekki innan svæða sem eru á C-hluta náttúruminjaskrár“

Viðbrögð Landsnets

Líkt og kemur fram í umsögn Náttúrufræðistofnunar var ákveðið að draga fram sérstaklega áhrif valkosta á svæði á náttúruminjaskrá og hverfisvernd í kafla 20 í umhverfismatsskýrslu meðan umfjöllun um sérstaka vernd vistkerfa og jarðmyndana er í köflum um gróðurfar og jarðmyndanir. Umhverfismatsskýrslan tekur því á öllum þessum þáttum.

Við útfærslu valkosta hefur verið leitast við að staðsetja línuleiðir utan svæða á náttúruminjaskrá þar sem það var kostur. Báðir aðalvalkostirnir fara um svæði á C-hluta náttúruminjaskrár, þó mismikið eins og gerð er grein fyrir í umhverfismatsskýrslu.

Í umhverfismati er almennt áhersla lögð á að draga fram þau svæði sem eru á náttúruminjaskrá og / eða í friðlýsingarferli. Samkvæmt vefsíðu Umhverfisstofnunar eru ekki upplýsingar um áform um að stofna þjóðgarð á áhrifasvæði valkosta A3. Náttúrufræðistofnun Íslands hefur lagt til að hluti af áhrifasvæði valkosta A og B fari á framkvæmdaáætlun Náttúruminjaskrár (B-hluta) og er gerð grein fyrir því í umhverfismatsskýrslu.

3.9 Umfjöllun um verndargildi menningarminja

Minjastofnun

Í umsögn segir:

„Í umhverfismati Holtavörðuheidalrínu 3, viðauki A: Áhrif aðalvalkosta eftir sveitarfélögum segir í kafla 2.7: „Við valkosti A eru fáar fornleifar, samanborið við aðra kosti. Ef farin er valkostur A3 verður ekki rask á fornleifum. Við valkosti D eru almennt fleiri fornleifar en við valkosti A og fjölbreytileiki þeirra meiri. Við valkostur D-hlykkur eru átta fornleifar með talsvert minja- og varðveislugildi. Dhlykkur raskar fjórum fornleifum. Tvær þeirra, rústir nr. 57 og 70, eru með talsvert minja- og varðveislugildi. Þær eru báðar innan Húnaþings vestra. Hinar tvær fornleifarnar sem raskast hafa lítið minja- og varðveislugildi, önnur þeirra garður nr. 51 er innan Húnaþings vestra og hin, garður nr. 10, er innan Húnabyggðar.“ (bls. 7).

Rétt er að vekja athygli á að mat á minja- og varðveislugildi er í höndum Mínejastofnunar Íslands. Það mat sem fram kemur í skýrslu fornleifafræðings er því eingöngu leiðbeinandi, sem og tillögur að mótvægisáðgerðum. Ljóst er að talsverðan fjölda minja vantar í þessa yfirferð yfir valkosti A3 og D-h samanborið við fornleifaskráningarskýrslur sem unnar voru fyrir umhverfismatið og erfitt að sjá af fyrirliggjandi gögnum hverju sætir.

Viðbrögð Landsnets

Í viðauka A, áhrif aðalvalkosta eftir sveitarfélögum, er stutt samantekt á niðurstöðum umhverfismatsskýrslu með áherslu á umfang áhrifa eftir sveitarfélögum. Þar er ekki gerð grein fyrir öllum fornleifum sem skráðar voru í námunda við valkosti. Í umhverfismatsskýrslunni sjálfri er gerð grein fyrir fjölda fornleifa sem fundust við skráningu og nánari upplýsingar um fjarlægð frá rasksvæðum.

Vægismat fornleifa í umhverfismati er aðeins til viðmiðunar í umfjöllun um fornleifar og áhrif valkosta á þær. Samkvæmt lögum nr. 80/2012 um menningarminjar eru allar fornleifar friðaðar og sumar eru friðlýstar sérstaklega og kemur það fram í umhverfismatsskýrslu. Það er Mínejastofnun sem leggur

endanlegt mat á vægismat fornleifa og setur skilyrði um hvaða mótvægisaðgerðir skuli ráðast í vegna áhrifa framkvæmda.

3.10 Áhrif á menningarminjar og menningarlandslag

Minjastofnun

Í umsögn segir:

„Leiðir A og B og útfærslur á þeim fara að mestu yfir hálendi og fjarri byggð og byggðaleifum meðan leið D og útfærslur hennar eru á löngum köflum í byggð og sumstaðar nálægt gömlum bæjarstæðum og heimatúnum. Samkvæmt grófri mælingu á vefsíðu Holtavörðulínu 3, þá eru t.a.m. 29 bæjarstæði á bilinu 70-500m frá línu D-h, þar af 4 fornbylí og 5 eyðibýli, en býlin sem eru enn í byggð eru sumhver byggð á fornum bæjarstæðum þar sem búast má við minjum. Líkur á að minjar verði fyrir raski eru því umtalsvert meiri á leið D en leiðum A og B. En fyrir utan bein áhrif framkvæmda á minjar er rétt að benda á að stór möstur og loftlínur geta haft töluverð áhrif á ásýnd og umhverfi minjastaða, þ.e. búsetu- og menningarlandslag og eru þau áhrif að sama skapi mest á leið D.

Töluverðar óvissu gætir engu að síður um hve mikil þessi áhrif eru og getur það verið mjög staðbundið hve áberandi mannvirkin eru í landslaginu. Það væri t.a.m. æskilegt að geta lagt mat á sjónræn áhrif framkvæmdarinnar á fjölsóttu sögu- og minjastaði eins og Þingeyrar og Þrístapa. Báðir staðir eru þó í um eða yfir 1km fjarlægð frá leið D1/D-h en það er óljóst hver áhrifin kunna að vera. Sömuleiðis má nefna friðlýstar minjar Forn-Bæjar í landi Mela í Hrutafirði sem eru í um 700m fjarlægð frá línu D1/D-h. Í heildina litið er valkostur A3 ákjósanlegastur útfrá sjónarhóli minjavörslunnar bæði hvað varðar áhrif á menningarminjar og menningarlandslag.“

Þingeyrar

Í umsögn segir:

„Af framansögðu má fullróa að í umhverfismatinu sé allt of lítið gert úr áhrifum lagningar Holtavörðuheidarlínu 3 á láglandið og þau verðmæti sem þar má finna í mannlífi, menningu og atvinnulífi auk viðkvæms vistkerfis á láglandi samanborið við hálendiskosti. Við förum því fram á að umhverfismatið verði leiðrétt í samræmi við framangreindar ábendingar áður en Skipulagsstofnun lýkur álitinu um fyrirhugaðar framkvæmdir til að gera stofnuninni kleift að byggja vinnu sína á réttum upplýsingum og greiningum. Eigendur Þingeyra telja að lagning meginflutningslínu raforku samkvæmt D-kostum muni hafa verulega neikvæð áhrif á upplifun og staðaranda Þingeyra, bæði sem sögustaðar og með tilliti til framtíðarnýtingar. Því er lagningu háspennulínu samkvæmt D-kostum mótmælt og verður ekki fallist á að afhenda land undir hana að óbreyttri tillögu.

Viðbrögð Landsnets

Í umhverfismatsskýrslu eru metin áhrif valkosta á ásýnd svæðis. Hluti af því eru ásýndarmyndir frá Þingeyrarkirkju, sjá myndpunkt nr. 13 í viðauka J og frá Þrístapa, sjá myndpunkt nr. 12. Í viðauka J er jafnframt gerð grein fyrir raunásýnd mastra í Þeistareykjalínu 1 í mismunandi fjarlægðum. Almennt má segja að sýnileiki mastra sé meiri ef möstur bera við himinn. Það á ekki við um ásýnd frá Þingeyrarkirkju og að litlu leyti frá Þrístöpum.

Landsnet tekur undir með Minjastofnun að meiri líkur eru á fornleifum við valkosti D. Ef fram koma áður óþekktar fornleifar á framkvæmdartíma, sbr. 24. gr. laga um menningarminjar, verður haft samband við stofnunina og framkvæmd stöðvuð uns fengin er ákvörðun Minjastofnunar um hvort halda megi áfram og með hvaða skilmálum.

Landsnet tekur ekki undir með Þingeyrum að D valkostir séu líklegir til að hafa verulega neikvæð áhrif á upplifun og staðaranda Þingeyra og vísar í niðurstöður umhverfismatsskýrslu og áhrif á útivist og ferðapjónustu þar sem valkostir eru ekki líklegir til að hafa mikil áhrif á komur ferðafólks á svæðið og fjölsóttustu ferðamannastaðina. Í viðtölum við ferðafólk var fátítt að það segðist telja að tilvist raflína hefði áhrif á hvaða staði það heimsækti. Það væri þá einna helst ef raflínur væru mjög stórar og/eða

staðsettar nálægt ferðamannastöðum að þær myndu fæla frá. Að mati Landsnets á það ekki við um Þingeyrar eða Þrístapa.

Þegar ákvörðun um aðalvalkost liggur fyrir mun Landsnet skoða með landeigendum möguleikana á að hnika til línunni, t.a.m í þeim tilgangi að draga úr áhrifum á sjónræna þætti.

4 Atriði sem varða ferðapjónustu, ásýnd og víðerni

4.1 Vægiseinkunn áhrifa á landslag og ásýnd

Veiðifélag Laxár á Ásum og Blomstra ehf.

Í umsögnum segir:

„Ásýnd. Risavaxin mannvirki eins og Hotavörðuheiðarlína 3 ganga þvert gegn þeim hagsmunum veiðiréttarhafa og landeigenda við Laxá á Ásum að hlúa að sjálfbærri nýtingu árinna í óspilltri náttúru. Möstur munu gnæfa yfir veiðistöðum og veiðimönnum og valda verulegri truflun á þeirri nýtingu sem verið hefur við ána áratugum saman. Beint undir áætlaðri línuleið D1 eru mikilvægir veiðistaðir í Laxá á Ásum, veiðistaðirnir Mánafoss og Mánaskál.“

„Í samburði valkosta eru áhrif á „landslag og ásýnd“ talin talsvert neikvæð fyrir alla valkosti. Gera verður athugasemd við þetta þar sem ásýnd mannvirkis verður augljóslega meiri fyrir þá byggð og starfsemi sem er nálægt línuleiðinni svo ekki sé talað beint undir henni eins og á við um veiðimenn við Laxá á Ásum. Á línuleiðum A og B er engin byggð eða regluleg starfsemi og væri eðlilegt að vega ásýndaráhrif þar minni en í byggð enda mun sú hönnun sem lagt er upp með lítt sjást þegar komið er í 5km eða meiri fjarlægð frá mannvirkinu. Í ljósi þess verður einnig að telja áhrif á óbyggð víðerni „verulega neikvæð“ fyrir leiðir A og B of djúpt í árna tekið.“

Veiðiréttareigendur Fremri Laxá

Í umsögnum segir:

„Ásýnd. Risavaxin mannvirki eins og Hotavörðuheiðarlína 3 ganga þvert gegn þeim hagsmunum veiðiréttarhafa og landeigenda við Laxá á Ásum að hlúa að sjálfbærri nýtingu árinna í óspilltri náttúru. Möstur munu gnæfa yfir veiðistöðum og veiðimönnum og valda verulegri truflun á þeirri nýtingu sem verið hefur við ána áratugum saman. Línuleið D3 liggur á tæplega 1km kafla meðfram bakka árinna við suma af bestu veiðistöðunum við ána.“

„Í samburði valkosta eru áhrif á „landslag og ásýnd“ talin talsvert neikvæð fyrir alla valkosti. Gera verður athugasemd við þetta þar sem ásýnd mannvirkis verður augljóslega meiri fyrir þá byggð og starfsemi sem er nálægt línuleiðinni svo ekki sé talað beint undir henni eins og á við um veiðimenn við Laxá á Ásum. Á línuleiðum A og B er engin byggð eða regluleg starfsemi og væri eðlilegt að vega ásýndaráhrif þar minni en í byggð enda mun sú hönnun sem lagt er upp með lítt sjást þegar komið er í 5km eða meiri fjarlægð frá mannvirkinu. Í ljósi þess verður einnig að telja áhrif á óbyggð víðerni „verulega neikvæð“ fyrir leiðir A og B of djúpt í árna tekið.“

Húnabyggð

Í umsögn segir:

„Í punkti 2.8 um landslag og ásýnd eru kostirnir metnir nánast á sama hátt. Það er sérstakt þar sem að engin slík mannvirki eru núna á hálendinu og því hefur þetta mun neikvæðari áhrif á landslag og ásýnd en á þegar röskuðu svæði í byggð.“

Þingeyrar

Í umsögn segir:

„Mat á áhrifum D-kosta á láglendi á landslag og ásýnd er einnig óeðlilegt í ljósi þess að vandfundinn er eins áberandi staður fyrir línuna en meðfram fjölfarnasta þjóðvegi á Norðurlandi vestra og um heimalönd eða nágrenni flestra bæja. Misjöfn hæð mastra í eldri línu og þeirri nýju gerir það að

verkum að tilsýndar verða sjónræn áhrif mjög mikil. Sú staðreynd kemur ekki fram í þeim gögnum, sem lögð eru til grundvallar í umhverfismatinu. Það getur ekki talist bót í máli að sumir íbúar og vegfarendur segi að búast megi við því að sjá raflínur nálægt byggð. Af því má aðeins ráða að þeir séu tilbúnir til að sætta sig við verulega neikvæð áhrif vegna þess hlutverks sem línurnar gegna, en ekki að áhrifin séu lítil. Tvöföldun áhrifanna gerir þar að auki illt verra. Ásýndin verður eins og skógur háspennumastra. Rétt er að vekja sérstaklega athygli á því línan sem hér er til umfjöllunar er ekki hefðbundin raflína nálægt byggð heldur hluti af meginflutningskerfi raforku á Íslandi og umfang mannvirkja er margfalt á við þær raflínur sem almennt má búast við að séu staðsettar nærri byggð.“

[...]

Af framansögðu má fullyrða að í umhverfismatinu sé allt of lítið gert úr áhrifum lagningar Holtavörðuheidarlínu 3 á láglandið og þau verðmæti sem þar má finna í mannlífi, menningu og atvinnulífi auk viðkvæms vistkerfis á láglandi samanborið við hálendiskosti. Við förum því fram á að umhverfismatið verði leiðrétt í samræmi við framangreindar ábendingar áður en Skipulagsstofnun lýkur álit sínu um fyrirhugaðar framkvæmdir til að gera stofnuninni kleift að byggja vinnu sína á réttum upplýsingum og greiningum. Eigendur Þingeyra telja að lagning meginflutningslínu raforku samkvæmt D-kostum muni hafa verulega neikvæð áhrif á upplifun og staðaranda Þingeyra, bæði sem sögustaðar og með tilliti til framtíðarnýtingar. Því er lagningu háspennulínu samkvæmti D-kostum mótmælt og verður ekki fallist á að afhenda land undir hana að óbreyttri tillögu.

Náttúruverndarstofnun

Í umsögn segir:

„Náttúruverndarstofnun bendir á 1. mgr. 1. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 sem kveður á um að markmið laganna er að vernda til framtíðar fjölbreytni íslenskrar náttúru, þar á meðal líffræðilega og jarðfræðilega fjölbreytni og fjölbreytni landslags. Einnig bendir stofnunin á 3. gr. sömu laga um verndarmarkmið fyrir jarðminjar, vatnasvæði, landslag og víðerni sem kveður m.a. á um að varðveita skuli landslag sem er sérstætt eða fágætt eða sérlega verðmætt vegna fagurfræðilegs og/eða menningarlegs gildis og að standa vörð um óbyggð víðerni landsins.

Að mati Náttúruverndarstofnunar er áhrifamat vegna landslags, ásýndar og óbyggðra víðerna vel unnið. Lega valkosta A og B er um mjög víðáttumikil ósnortin heildstæð vistkerfi, sérstætt landslag og víðerni. Náttúruverndarstofnun tekur undir niðurstöður um áhrif valkostanna á óbyggð víðerni (tafla 15.6 í umhverfismatsskýrslu) þar sem valkostir D-hlykkur og D3 hafa lítil áhrif á beina skerðingu víðerna en valkostir A og B hafa mikil áhrif sem breytir lykileinkennum landslags heiðanna. Náttúruverndarstofnun áréttar mikilvægi þess að standa vörð um óbyggð víðerni landsins og þeim hlíft við tæknilegum ummerkjum svo sem raflínum. Valkostir D liggja um svæði þar sem nú þegar gætir áhrifa mannvirkja og mannvistarlandslags og um svæði þar sem nú þegar gætir áhrifa raflínu.“

Náttúrufræðistofnun

Í umsögn segir:

„Ljóst er að áhrif framkvæmdarinnar á landslag verða mikil á öllum línuleiðum en munur er á hvort beint áhrif eða sýnileikaáhrif eru mikilvægari þáttur. Fyrir línuleiðir A og B eru beinu áhrifin mest þar sem um svæði með mjög lága hlutdeild mannvirkja er að ræða og breytingin sem verður því mjög mikil. Fáir eru hins vegar á ferli og ásýndaráhrif því mikil á litlum hluta línuleiðanna. Fyrir línuleið D eru sýnileikaáhrifin hins vegar mun meiri þar sem sú leið liggur um eða nálægt byggð og stofnvegum. Landslag hindrar að einhverju leiti sýnileikaáhrif á línuleið D en þó er víða víðsýnt. Á línuleiðum A og B er alla jafna mjög víðsýnt. Niðurstaða umhverfismatsins er að allir valkostir fá svipaða heildareinkunn – talsvert neikvæð áhrif. Línuleið D fær ívíg lægri heildareinkunn og er nær því að falla innan þess að teljast nokkuð neikvæð áhrif. Náttúrufræðistofnun getur tekið undir þessa niðurstöðu.“

Viðbrögð Landsnets

Þó vægiseinkunn valkosta sé sambærileg fyrir landslag og ásýnd eru forsendur á bak við einkunnirnar ólíkar. Valkostir A og B fara um svæði sem einkennist lítið af mannvirkjum í dag og koma því til með að breyta lykileinkennum þess. Fáir koma til með að sjá framkvæmdina á áhrifasvæði valkosta A og B. Valkostir D munu lítið breyta lykileinkennum landslags á svæðinu en koma til með að auka

hlutdeild mannvirkja, þ.á.m. línumannvirkja í landslaginu og koma margir til með að sjá mannvirkin t.a.m. frá þjóðvegi, híbýlum og vinsælum áfangastöðum eins og veiðistöðum.

Varðandi vægiseinkunn um óbyggð víðerni er vísað í kafla 4.3.

Landsnet hefur lagt fram aðalvalkostina D-hlykk og A3, ekki er stefnt að því að skoða frekar D3.

Rétt er það sem kemur fram í umsögn Þingeyrar að ný lína mun vera hærri en núverandi línur á svæðinu. Til viðbótar má nefna að möstrin verða mun færri. Ásýndarmynd frá Þingeyrarkirkju er í umhverfismatsskýrslu, sjá myndpunkt nr. 13 í viðauka J. Landsnet tekur ekki undir með umsögn Þingeyrar að umfang mannvirkja sé margfalt á við raflínur sem almennt má búast við að séu staðsettar nærri byggð. Víða eru 220 kV línur nálægt byggð s.s. á suðvesturhorni landsins og þar sem uppbygging á nýrri kynslóð flutningskerfisins er hafin. Sú mastrategund sem notuð verður í Holtavörðuheidiarlínu 3 er í Kröflulínu 3 og Hólasandslínu 3 og verður í fyrirhuguðum Suðurnesjalínu 2 og Blöndulínu 3. Í nýjum línur er almennt mest notast við svokölluð M stálröramöstur í stað stálgrindamastra sem voru algengari áður og eru að finna víða um land. Stálröramöstrin þykja almennt nettari samanborið við stálgrindamöstrin.

Við mat á viðkvæmni ásýndar er horft til gildis útsýnis, hvernig fólk upplifir útsýnið og hvert athygli fólks beinist. Við mat á næmni ásýndar var því m.a. horft til vega og umferðar um þá. Við mat á vægi áhrifa á landslag var ekki horft til bílaumferðar. Við mat á vægi áhrifa á landslag og ásýnd er jafnframt tekið tillit til fjölda annarra þátta, s.s. verndargildis, landnotkunar og grunnástands svæðis (t.d. hversu manngert/ósnortið svæðið er).

Landsnet tekur ekki undir með umsögn Þingeyrar að D-hlykkur hafi veruleg áhrif á landslag og ásýnd á láglendi. Umfang sjónrænna áhrifa er talið miðlungs til mikið og bein áhrif á megineinkenni landslags eru metin lítil til miðlungs. Áhrif eru metin nokkuð til talsvert neikvæð.

Umsagnir Náttúruverndarstofnunar og Náttúrufræðistofnunar endurspeglar helstu niðurstöður umhverfismatsskýrslu um áhrif á landslag og ásýnd.

4.2 Vægiseinkunn áhrifa á ferðaþjónustu og útivist

Þingeyrar

Í umsögn segir:

„Láglendislínan, (D-kostir), mun liggja um og yfir veiðisvæði Vatnsdalsár og veiðistaði sem meðal annars liggja í landi Þingeyra. Vatnsdalsá er ein af þeim sveitarfélagsins og afar mikilvæg tekjulind fyrir samfélagið, einkum til sveita. Raunar má gera ráð fyrir ætla að hið sama eigi við um húnvesku veiðiárnar í heild en þær eru helstar auk Vatnsdalsár, Hrótafjarðará, Miðfjarðará, Víðidalsá, Gljúfurá, Laxá á Ásum og Blanda. Um allar þessar ár mun láglendislínan samkvæmt D-kostum fara og ramma inn upplifun gesta við árnar. Slík háspennulína mun rýra upplifun þeirra sem sækja árnar heim og auðvelt að leiða líkum að því að hún mun hafa neikvæð áhrif á eftirsókn í og þar með verðmæti veiðileyfa og ferðaþjónustunnar sem henni tengist. Láglendislína samkvæmt D-kostum mun blása við ferðalöngum á þjóðvegi 1 nær alla línuleiðina ef hann verður fyrir valinu. Saman munu núverandi háspennulína og sú nýja hafa víðtæk, sammögnuð og neikvæð áhrif á upplifun íbúa og gesta á láglendi sem og mikilvægar sjónlínur mjög víða á norðvestanverðu landinu. Sterkur staðarandi er mikilvægur íbúum og gestum í sínu daglega lífi og liggur ferðaþjónustu á hverjum stað til grundvallar. Lagning línu samkvæmt D-kostum mun því hafa afar neikvæð og varanleg áhrif á ferðaþjónustu sem og möguleika til nýsköpunar á þessu svæði. Ljóst er að lagning línu samkvæmt D-kostum mun hafa verulega neikvæð og varanleg áhrif á útsýni inn í Vatnsdal og til austurs yfir Húnavatn og þar með upplifun og staðaranda þessa einstaka menningarstaðar sem Þingeyrar eru. Það sama á við um fjölmarga aðra áfanga- og sögustaði í Húnavatnssýslum. Láglendislínan samkvæmt D-kostum, er í um kílómetra fjarlægð frá staðnum og óumdeilt að línulögnin mun spilla upplifun þeirra sem sækja sögustaðinn og kirkjuna heim. Jafnframt munu D-kostir liggja í innan við tveggja kílómetra fjarlægð frá Þrístöpum sem er ein af fjölsóttustu menningarminjum og ferðamannastöðum svæðisins. Þar hefur verið byggt upp af miklum metnaði til minningar um síðustu aftökuna á Íslandi. Skipulag á Þrístöpum

var tilnefnt til Hönnunarverðlauna Íslands árið 2024. Ljóst er að línan mun hafa neikvæð áhrif á staðarandann þar einnig. Línan mun með öðrum orðum spilla upplifun gesta á tveimur af söguþrungnustu og vinsælustu viðkomustöðum gesta í sýslunni, þ.e. við Þingeyraklausturskirkju og á Þrístöpum. Undanfarin ár hafa staðið yfir umfangsmiklar fornleifarannsóknir og uppgröftur á Þingeyrum ... Ljóst er að lagning línu samkvæmt D-kosti mun hafa mjög neikvæð áhrif á skynjun og upplifun á staðaranda svæðisins.“

„Vægiseinkunn kosta fyrir „ferðapjónustu og útivist“ í umhverfismatinu er sögð nokkuð neikvæð, óháð því hvor kostanna verði fyrir valinu, (A eða D). Erfitt er að sjá með hvaða rökum sú fullyrðing er sett fram. Á leiðinni sem gert er ráð fyrir í D-kostum (í héraðinu) eru hundruð einstaklinga og fyrirtækja sem hafa hluta af framfærslu sinni af ferðapjónustu svo sem hestamennsku, veiðileyfasölu, gistingu og leiðsögn. Þessi starfsemi fer einkum fram á láglendi, en ekki verður séð að umfang og virði ferðapjónustu og útivistar á hálendisleiðinni sé með nokkru móti sambærilegt eða verðskuldi sömu vægiseinkunn. Vægið er í fullkomnu ósamræmi við matsspurningar eins og þær eru settar fram í lið 16 í umhverfismatsskýrslunni. Þannig er „sýnileiki frá helstu útivistarsvæðum á láglendi mikill“, svæðið er „mjög mikilvægt fyrir útivist og ferðapjónustu“ og búast má við að línulögn á láglendi „hafi neikvæð áhrif á komur ferðamanna og viðskipti“ um fyrirsjáanlega framtíð. Ekki verður séð að „ný tækifæri skapist fyrir ferðapjónustu og/eða útivist“ með tilkomu línu á láglendi, heldur þvert á móti muni það draga úr þeim. Og þar sem oftast er ekki um að ræða menningar- og sögustaði eru litlar líkur til að „svæðið nái aftur grunnástandi“. Ekkert af þessu á við hálendisleiðina með sama hætti.“

Veiðifélag Laxár á Ásum, Blomstra ehf og Veiðiréttareigendur Fremri Laxá

Í umsögn segir:

„Ferðapjónusta og útivist. Í ljósi þess sem að framan greinir vekur athygli að áhrif á ferðapjónustu og útivist eru metin jafn mikið fyrir allar línuleiðir. Það er í ósamræmi við að ferðapjónusta og útivist er fyrst og fremst stunduð á láglendi, á leið D, og neikvæð áhrif hljóta því að verða mest þar. Meðan á leiðum A og B er hverfandi ferðapjónusta eða útivist stunduð enda umferð fólks þar lítil. Nær væri því að telja áhrif á ferðapjónustu og útivist verulega neikvæð fyrir leið D en óverulega neikvæð fyrir leiðir A og B.“

Húnabyggð

Í umsögn segir:

„Í punktinum 2.10 um ferðapjónustu og útivist fá báðir valkostir einkunina „nokkuð neikvæð“. Það er erifitt að sjá hvaða neikvæðu áhrif í byggð þessi framkvæmd hefur á ferðapjónustu. Það svæði er þegar raskað og ferðamenn vanir að slík mannvirki séu í byggð. Hins vegar er þetta verulega neikvætt fyrir ferðamennsku á hálendinu og ætti því að fá einkunn samkvæmt því. Þetta mat stenst ekki skoðun.“

[...]

„Það að opna námur á mörgum stöðum á ósnertu hálendinu, ásamt vegagerð o.s.frv. er því líkt rask að erfitt er að ímynda sér að það borgi sig fjárhagslega. Þá vega hagsmunir ferðapjónustunnar ekki mikið í þessu samhengi en töluverð ferðamannapjónusta er nú þegar í hestaferðum og sölu veiðileyfa og fyrirséð er að þessi iðnaður muni stækka á næstu árum og áratugum. Það er erfitt að setja fjárhagslegt virði á ósnortna náttúru en þeir hagsmunir eru gríðarlegir eins og allir vita. Það virðist því vera horft að mörgu leiti framhjá umhverfis- og náttúruvernd þrátt fyrir að Landsneti beri að hafa þau viðhorf í öndvegi og samkvæmt lögum og leita annarra leiða séu framkvæmdir óhagstæðar vegna umhverfissjónarmiða. Miðað við umhverfismatið má gangrýna það mat sem Landsnet setur á einstaka liði þar sem minna er gert úr umhverfisáhrifum en tilefni er til.“

Viðbrögð Landsnets

Að mati Landsnets endurspeglar umsagnir skiptar skoðanir um valkosti og áhrif þeirra á ferðapjónustu og útivist, sem komu fram í viðtölum Rannsóknarmiðstöðvar Háskólans á Akureyri við ferðmenn, ferðapjónustuaðila og útivistarfólks.

Niðurstöður umhverfismats eru að framkvæmdin er almennt ekki líkleg til hafa mikil áhrif á komur ferðafólks á svæðið og fjölsóttustu ferðamannastaðina. Í viðtölum við ferðafólk var fátítt að það

segðist telja að tilvist raflína hefði áhrif á það hvaða staði það heimsækti. Það væri þá einna helst ef raflínur væru mjög stórar og/eða staðsettar nálægt fallegum ferðamannastöðum að þær myndu fæla frá. Fyrirliggjandi valkostir línunnar munu ekki liggja í nánd fjölsótttra ferðamannastaða samkvæmt fyrirliggjandi gögnum. Skiptar skoðanir komu fram meðal útivistafólks á áhrif línunnar en almennt virtist útivist ekki mikið vera stunduð í nágrenni valkosta D nema veiði í ám. Að mati Landsnets eru umsagnir ekki þess eðlis að þörf sé á breytingu á vægiseinkunn valkosta á ferðaþjónustu og útivist.

Hvað varðar umfjöllun um staðaranda og menningarlandslag á Þingeyri er vísað í kafla 3.10.

4.3 Vægiseinkunn áhrifa á óbyggð víðerni

Þingeyrar

Í umsögn segir:

„Þegar metin eru áhrif á umhverfispættina „víðerni“ annars vegar og „landslag og ásynd“ hins vegar þarf að hafa í huga að þeir eru efnislega mjög tengdir. Áhrif á víðerni eru í eðli sínu áhrif á landslag og ásynd á svæðum sem eru nægilega fjarri mannvirkjum til að geta talist víðerni. Þetta er augljóst út frá skilgreiningu óbyggðra víðerna í lögum um náttúruvernd. Það að telja hálendislína (A-kostir) hafa neikvæð áhrif á báða umhverfispættina „víðerni“ og „landslag og ásynd“ er því tvítalning, sbr. samantekt um samanburð kosta með tilliti til vægis áhrifa á umhverfi á mynd 5.2 í umhverfismatsskýrslunni. Rökréttara væri að meta áhrif á tvo umhverfispætti sem gætu nefnst „landslag og ásynd í byggð“ annars vegar og „landslag og ásynd utan byggðar“ hins vegar. Áhrif hálendislína (A-kostir) væru þá nær engin á landslag og ásynd í byggð og áhrif láglandislína (D-kostir) nær engin á ásynd og landslag utan byggðar.“

„Áhrif hálendislína (A-kostir) á víðerni eru talin verulega neikvæð í umhverfismatsskýrslunni og fá neikvæðasta mögulega mat. Við það mat er m.a. horft til víðernakorts frá Wildland Research Institute (WRI)¹ frá árinu 2022, sbr. umfjöllun í kafla 15.2.1 Kortlagning óbyggðra víðerna á Íslandi og viðmið. Á hinn bóginn er vert að hafa í huga að ný útgáfa víðernakorts frá WRI (<https://www.vidernakort.is/>) liggur nú fyrir þar sem sýnd eru 5 stig víðerna, með einkunn 0–4. Einkunnin 4 er gefin fyrir hæsta stig víðerna, en einkunnin 0 á við þar sem ekki er um víðerni að ræða, t.d. í byggð. A-kostir um hálendi liggja að miklu leyti um svæði sem metin eru á stigi 2, en að litlu leyti á stigi 1 og 3. Í því samhengi er nauðsynlegt að spyrja hvert mat á áhrifum á víðernin væri ef línuleiðin væri öll á víðernastigi 4? Hvernig væri skilið á milli áhrifa lína sem annars vegar væru á svæði sem metin eru á stigi 1 og 2 og hins vegar stigi 3 eða 4. Væru áhrifin talin verulega neikvæð í báðum tilfellum og gæfi matið þá rétta mynd? Óhjákvæmilegt er að álykta að matið hljóti að vera of neikvætt fyrir A-kostina. Áhrif hálendislína á landslag og ásynd utan byggðar væri því eðlilegra að meta nokkuð eða talsvert neikvæð, sem breytir þeim samanburði sem m.a. birtist á mynd 5.2. Benda má á það til samanburðar að Sigöldulína 4 norðan Mýrdalsjökuls dregur víðernastig niður af stigi 2 í stig 1.“

Húnabyggð

Í umsögn segir:

„Í punkti 2.9 um óbyggð víðerni er A3 með einkunina „talsvert/verulega neikvæð“ og D-hlykkur „nokkuð neikvæð“. Það segir sig væntanlega sjálft að A3 ætti að fá hæðstu neikvæðu einkunina hér og D-hlykkurinn hlutlausa einkun þar sem engin áhrif eru þar á óbyggð víðerni.“

Forsætisráðuneytið

Í umsögn segir:

„Á bls. 170 segir m.a. "Valkostir A og B liggja um óbyggð víðerni en í náttúruverndarlögum eru sett markmið um að standa skuli vörð um óbyggð víðerni landsins til að stuðla að vernd jarðfræðilegrar fjölbreytni landsins og fjölbreytni landslags." Ráðuneytið leggur áherslu á að farið sé eftir lögum.“

[...]

„Valkostur A3 er innan miðhálendismarka eins og þau eru skilgreint í landslagsskipulagsstefnu 2015-2026. Í stefnunni segir m.a. "er lögð áhersla á að staðinn verði vörður um náttúru og landslag

miðhálandisins vegna náttúruverndargildis og mikilvægis fyrir útivist og að uppbygging innviða á miðhálandinu taki mið af sérstöðu þess. Stefnt er að því að sérkennum og náttúrugæðum miðhálandisins verði viðhaldið með áherslu á verndun víðerna hálandisins, landslagsheilda, mikilvægra vistgerða og gróðurlenda og verðmætra menningarminja." Ráðuneytið telur að valkostur A3 sem liggur innan marka miðhálandisins samrýmist ekki stefnunni"

Náttúrufræðistofnun

Í umsögn segir:

„Fyrir umhverfispáttinn óbyggð víðerni er niðurstaðan afdráttarlaus miðað við þá aðferðafræði við skilgreiningu á óbyggðum víðernum sem mest er farið eftir, en fjallað er um nokkrar ólíkar aðferðir sem gefa mismunandi niðurstöðu um kortlagningu óbyggðra víðerna á áhrifasvæði framkvæmdarinnar.

Línuleiðir A og B þvera óbyggð víðerni og munu þar af leiðandi skerða þau umtalsvert. Línuleið D liggur aldrei um óbyggð víðerni. Náttúrufræðistofnun tekur undir niðurstöðu umhverfismatsins um að áhrif línuleiða A og B á óbyggð víðerni teljist talsvert til verulega neikvæð en óveruleg fyrir línuleið D.“

Viðbrögð Landsnets

Landsnet tekur ekki undir með umsögn þingeyrar að með því að skipta óbyggðum víðernum, og landslag og ásýnd upp í tvo umhverfispætti sé verið að tvítelja sömu áhrifin þar sem verið er að horfa á ólík viðmið við mat á áhrifum á umhverfispættina. Við mat á áhrif valkosta á óbyggð víðerni er verið að horfa á samræmi við lög nr. 60/2013 um náttúruvernd, einkum lagagreinar sem snúa að verndarmarkmiðum um óbyggð víðerni. Við mat á áhrifum á landslag og ásýnd er verið að horfa til breytinga á lykileinkennum landslags og hvaðan framkvæmd kemur til með að sjást og hverjir koma til með að sjá hana.

Ekki liggja fyrir opinber viðmið um kortlagningu óbyggðra víðerna og er í umhverfismatsskýrslu gerð grein fyrir tveimur kortlagningum sem liggja fyrir um óbyggð víðerni. Eins og kemur fram í umhverfismatsskýrslu er um að ræða ólíka niðurstöður fyrir áhrifasvæði Holtavörðuheidiarlínu 3. Kortlagning WRI sýnir að valkostir hafa ekki áhrif á óbyggð víðerni meðan kortlagning Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Hornafirði og Skipulagsstofnunar sýna að valkostir A og B koma til með að skerða óbyggð víðerni.

Áhrif D-hlykks á óbyggð víðerni eru metin óveruleg í umhverfismatsskýrslu.

Umsögn Náttúrufræðistofnunar endurspeglar niðurstöður umhverfismatsins um áhrif á óbyggð víðerni.

Í umhverfismatsskýrslu er fjallað um Landsskipulagsstefnu 2024-2038 og hvernig Holtavörðuheidiarlína 3 tengist viðfangsefnum hennar. Í umhverfismati Holtavörðuheidiarlínu 3 eru valkostir bornir saman með tilliti til áhrifa á landslag, óbyggðra víðerni og aðra landnotkun, auk þess sem lagðar eru til mótvægisaðgerðir til að draga úr áhrifum. Jafnframt er forsendum framkvæmdar lýst í umhverfismatsskýrslu og mikilvægi hennar fyrir örugga raforkuafhendingu á land- og svæðisvísu. Sú vinna og upplýsingar munu nýtast áfram inn í skipulagsvinnu sveitarfélaga. Umhverfismatsskýrsla og samanburður valkosta eru mikilvægur þáttur í ákvörðun um aðalvalkost Landsnets og er þar m.a. tekið tillit til landsskipulagsstefnu og áherslna hennar.

5 Atriði sem varðar hljóðvist, rafsegulsvið og rekstraröryggi

5.1 Áhrif á hljóðvist og rafsegulsvið

Veiðifélag Laxár á Ásum og Blomstra ehf

Í umsögn segir:

„Rafsegulsvið. Óvíst er hvaða áhrif rafsegulsvið frá 220kV línu geti haft á lífríki árinna. Ratvísi laxa um heimsins höf hefur verið ráðgáta um langt skeið og ein tilgáta er að segulsvið gegni þar lykilhlutverki. Að taka slíka áhættu með laxastofn árinna gengur gegn markmiðsgrein laga um náttúruvernd, 1. gr. l. nr. 60/2013 og varúðarreglu sömu laga í 9. gr. Engin umfjöllun er um þennan áhættuþátt í skýrslu Náttúrustofu Austurlands um fyrirhugaða framkvæmd frá apríl 2024 (NA-240258). Miðað er við að bústaðir manna séu í að lágmarki 1km fjarlægð frá mannvirkinu vegna rafsegulsviðs, en hvað þá með búsvæði laxfiska 20m neðan við línuna? Víst má telja að umhverfismat uppfyllir ekki fyrirmæli í 2. mgr., 22.gr, laga nr. 111/2021 nema fjallað sé um þennan áhættuþátt fyrir lífríkið.“

[...]

„Hljóðvist og rafsegulsvið. Gerð er athugasemd að áhrif allra valkosta séu metin jafnt, þ.e. óverulega neikvæð. Augljóst er að hljóðvist og rafsegulsvið á leið D sem liggur um byggð nærri bústöðum fólks og útivistarsvæðum verði neikvæðari en á leiðum A og B fjarri byggð og fjarri helstu útivistarsvæðum. Áhrif hljóðs frá línunni og rafsegulsvið munu vera verulega neikvæð fyrir þá sem stunda veiðar við Laxá á Ásum. Því er matið á þessum þætti er varðar leið D ekki rétt.“

Veiðiréttareigendur Fremri Laxá

Í umsögn segir:

„Gerð er athugasemd að áhrif allra valkosta séu metin jafnt, þ.e. óverulega neikvæð varðandi þennan þá . Augljóst er að hljóðvist og rafsegulsvið á leið D sem liggur um byggð nærri bústöðum fólks og útivistarsvæðum verði neikvæðari en á leiðum A og B fjarri byggð og fjarri helstu útivistarsvæðum. Áhrif hljóðs frá línunni og rafsegulsvið munu vera verulega neikvæð fyrir þá sem stunda veiðar við Fremri Laxá. Því er matið á þessum þætti er varðar leið D3 ekki rétt . Óvíst er hvaða áhrif rafsegulsvið frá 220kV línu geti haft á lífríki árinna. Það sætir furðu að engin umfjöllun er um Fremri Laxá í skýrslu Náttúrustofu Austurlands um fyrirhugaða framkvæmd frá apríl 2024 (NA-240258).

Miðað er við að bústaðir manna séu í að lágmarki 1km fjarlægð frá mannvirkinu vegna rafsegulsviðs, en hvað þá með búsvæði laxfiska 20-30m neðan við línuna? Víst má telja að umhverfismat uppfyllir ekki fyrirmæli í 2. mgr., 22.gr, laga nr. 111/2021 nema fjallað sé um þennan áhættuþátt fyrir lífríkið. Gerð er athugasemd við að áhrif á Vatnalíf séu metin nokkuð neikvæð fyrir leiðir A og B en óverulega neikvæð fyrir leið D. Það er í hróplegu ósamræmi við að á leið D er farið yfir margar af bestu veiðiám landsins svo sem Fremri Laxá, Laxá á Ásum, Vatnsdalsá, Hrútafjarðará, Miðfjarðará, Gljúfurá, Blöndu og ýmsar fleiri. Leið D fer samtals yfir fleiri og stærri vatnsföll þar sem laxfiskar eiga heimkynni sín heldur en leiðir A og B sem fara yfir færri og minni vatnsföll. Því ætti frekar að snúa þessu mati við og telja leið D vera neikvæðari fyrir vatnalíf en leiðir A og B.

Viðbrögð Landsnets

Fyrir alla valkosti eru áhrif á hljóðvist og vegna rafsegulsviðs undir helstu reglugerðum og tilmælum um leyfilegan styrk rafsegulsviðs, og gerð er grein fyrir í kafla 18 í umhverfismatsskýrslu. Áhrif valkosta eru því metin óveruleg. Rannsóknir benda til þess að rafsegulsvið frá loftlínunni hafi afar lítil eða engin áhrif á fiska og veiði. Rafsegulsvið sem skapast við flutning raforku dreifist í umhverfið, en styrkur þess minnkar hratt með fjarlægð frá línunni og nær sjaldnast gildum sem eru yfir náttúrulegum bakgrunnsstyrk segulsviðs jarðar. Þrátt fyrir að sumar fisktegundir geti numið segulsvið hafa rannsóknir ekki sýnt fram á neikvæð áhrif á atferli eða lífsferil fiska við svipaðar aðstæður. Þar sem loftlínur eru yfir vatnsföllum og ekki í beinni snertingu við vatnið, er afar ólíklegt að rafsegulsvið þeirra

hafi áhrif á fiska eða veiði. Að teknu tilliti til fyrirliggjandi gagna eru engar vísbendingar um að loftlínur hafi marktæk neikvæð áhrif á vistkerfi vatna eða fiskistofna.^{3,4}

5.2 Rekstraröryggi

Húnabyggð

Í umsögn segir:

„Í punkti 2.15. um náttúruvá og rekstraröryggi er ekki gefin sérstök einkun en áhugavert væri að vita hver munurinn í raun er á rekstraröryggi. Þá hlítur almennur rekstur og rekstarviðhald að vera minni í byggð en upp á hálendi?“

Viðbrögð Landsnets

Í kafla 21 er farið ítarlegan samanburð valkosta m.t.t. til rekstraröryggis. Kaflinn byggist á greiningu Eflu og fylgir skýrsla hennar með í viðauka P. Niðurstöður benda til að náttúruvá á svæðum fyrir valkosti A, B og D í Holtavörðuhéiðarlínu 3 sé almennt hófleg í samanburði við margar aðrar háspennulínur Landsnets.

Í greiningunni kemur m.a. fram að aðgengi er betra að valkostum D. Einnig kemur fram umfjöllun um að oft sé talið að með tilliti til áreiðanleika sé óæskilegt að hafa tvær línur samsíða sökum þess að líklegt sé að báðar línur geti þá orðið fyrir útleysingu eða tjóni á sama tíma. Í tilviki Holtavörðuhéiðarlínu 3 er þetta sjónarmið ekki talið sterk rök því Holtavörðuhéiðarlína 3 verður svo mikið flutningsmeiri lína en byggðalínan að 132 kV byggðalínan getur aðeins að litlum hluta talist varaleið fyrir meginflutning raforku.

Ekki er talinn afgerandi munur á milli valkosta hvað varðar áreiðanleika eftir að búið er að bregðast við vá í hönnun.

5.3 Vægiseinkunn á atvinnuþróun

Húnabyggð

Í umsögn segir:

„Í punkti 2.16. um atvinnuþróun eru báðir kostir metnir „talsvert jákvæðir“. Því mótmælir Húnabyggð en fyrirséð er að hálendisleiðin skapar öryggi hvað varðar framtíðar orkuöryggi svæðins. Þá hefur hálendisleiðin einnig möguleg neikvæð áhrif á nærsamfélagið á framkvæmdatímanum vegna fjarlægða. Það er því mat Húnabyggð að einkunn A3 ætti að vera hér verulega neikvæð.“

Húnabyggð

Í umsögn segir:

„Þá má einnig leiða að því rökum að verði hálendisleiðin fyrir valinu muni það hafa muni minni fjáhagsleg áhrif á minni og meðalstór fyrirtæki á svæðinu sem eiga erfiðara með að sinna þjónustu upp á hálendinu en í byggð. Þetta hefði því neikvæð áhrif á nærsamfélag verkefnisins.“

Viðbrögð Landsnets

Landsnet tekur ekki undir með Húnabyggð að einkunn A3 á atvinnuþróun ætti að vera verulega neikvæð. Báðir valkostir koma til með að auka afhendingargetuna inn á Norðurland vestra og er því

³ Verhamme, E., Daley, J., & Peterson, G. (2016). *Summary of current information related to electromagnetic field impacts on fish and LEEDCo proposed transmission cable*. Lake Erie Energy Development Corporation.

⁴ Manitoba Hydro. (2010). *Fur, feathers, fins & transmission lines: How transmission lines and rights-of-way affect wildlife* (3rd ed.). Manitoba Hydro.

ekki munur á áhrifum milli valkosta. Vissulega er rétt að valkostir D skapa frekari tækifæri í byggð á Norðurlandi vestra til þess að tengja inn stórnotkun á 220 kV spennustiginu síðar meir og kemur það fram í umhverfismatsskýrslu.

5.4 Afhendingaröryggi á Norðvesturlandi

Húnabyggð

Í umsögn segir:

„Almennt gagnrýnir Húnabyggð nálgun Landsnets á verkefnið þar sem litið er algjörlega fram hjá framtíðar byggðapróun svæðisins sem línun liggur í gegnum. Á fundi byggðaráðs þann 13.02.2025 var eftirfarandi fært til bókar: Byggðarráð felur sveitarstjóra að senda inn umsögn Húnabyggðar vegna þessa máls sem nýr að lagningu Holtavörðuheidalínu 3. Eins og fram hefur komið í bókunum byggðarráðs og sveitarstjórnar Húnabyggðar hefur Húnabyggð lagt á það áherslu að skoðað verði alvarlega að leggja þessa línu með núverandi byggðarlínu þar sem það er eina raunhæfa leiðin til að tryggja framtíðar aðgengi að orku til atvinnuuppbyggingar fyrir Norðuland vestra. Þetta er því grundvallar byggðarforsenda framtíðarinnar hvað varðar Húnabyggð, Skagaströnd og Húnaþing vestra. Þá muni sú lausn einnig opna fyrir hringtengingu til Sauðárkróks og þannig tryggja orkuöryggi til atvinnuuppbyggingar í Skagafirði til framtíðar.

Það er ljóst að með lagningu línunnar yfir hálendið er framtíðar orkuöryggi svæðisins til atvinnuuppbyggingar í lausu lofti og án nokkurrar tryggingar. Núverandi byggðalína sem er 132kV er meira en 50 ára gömul og þegar HH3 kemst mögulega í rekstur verður núverandi byggðarlína að öllum líkindum orðin meira en 60 ára gömul. Líftími byggðalínunnar og þess búnaðar sem henni fylgir eru um 50-60 ár. Það er því ljóst að endurnýjun hennar er á dagskrá á sama tíma og HH3 fer í rekstur eða jafnvel fyrr. Landsnet og/eða yfirvöld hafa ekki gefið út formlega yfirlýsingu þess efnis að núverandi byggðalína verði endurnýjuð samhliða uppbyggingu HH3. Það er því ekkert í hendi fyrir samfélög Húnabyggðar, sveitarfélagsins Skagastrandar eða Húnaþings vestra um að orkuöryggi til atvinnuuppbyggingar til lengri tíma verði tryggt. Það er því allt eins líklegt að með nýrri 220kV línu yfir hálendið verði orkudreifing á svæðinu í höndum Rarik á 33kV/66kV búnaði með þeim takmörkunum sem því fylgir.“

Mæva Marlene Urbschat

Í umsögn segir:

„Mikilvægt er að rafvæðing verði efld verulega í sveitarfélaginu, og tekur undirrituð undir áhyggjur sveitarstjórnar Húnabyggðar er fram komu á Landsnets-vinnufundi þann 15.11.2023, að „áhersla er lögð á að fyrsti áfangi framkvæmdaverði tenging milli Blönduvirkjunar og Laxárvatns“ (R1_Vinnustofa-Hunabyggð.pdf).

En í Landsnets-umhverfismatsskýrslunni stendur að markmið endurnýjunar byggðalínunnar um að stuðla að efnahagslegum vexti og aukinni atvinnuuppbyggingu á landinu öllu - og þar með líka á Blönduósi - verður ýtt til hliðar, þar sem það verður ekkert úr tengingu Höltavörðuheidalínu 3 við Laxárvatnsvirkjun (LAX), a.m.k. ekki á næstunni: „Samkvæmt áformum Landsnets munu núverandi raflínur í Húnabyggð og Húnaþingi vestra – Blöndulína 1 og Laxárvatnslína 1 - „standa áfram sem loftlínur og verður viðhaldið í framtíðinni eftir því sem þörf er á“ (bls. 3 Samantekt.pdf). „Valkostir D skapa þó frekari tækifæri í byggð á Norðurlandi vestra til þess að tengja inn stórnotkun á 220kV spennustiginu síðar meir“ (bls. 231 Umhverfismatsskýrsla.pdf).“

Viðbrögð Landsnets

Landsnet leggur áherslu á að báðir valkostir A3 og D-hlykkur koma til með auka afhendingargetuna inn á Norðuland vestra. Ný lína mun taka við hlutverki núverandi lína á svæðinu sem flutningskerfi sem liggur milli landshluta meðan núverandi línur munu standa áfram og fá nýtt hlutverk sem mun styrkja svæðisbundna kerfið. Það er mikilvægt fyrir flutningskerfið í heild að núverandi línur standi áfram. Núverandi línur eru komnar á 10-15 ára endurnýjunaráætlun, samkvæmt Langtímaáætlun kerfisáætlunar 2023-2032. Endurnýjun á þeim línunum er óháð legu Holtavörðuheidalínu 3 hvort sem hún liggir um byggð eða fari um heiðarnar.

5.5 Umfjöllun um öryggi raforkukerfisins

Umhverfis- og orkustofnun

Í umsögn segir:

„Holtavörðuheildarlína 3 verður hluti af meginflutningskerfinu og var framkvæmdin samþykkt með kerfisáætlun Landsnets 2023-2032. Ákvörðun um aðalvalkost í umhverfismatsskýrslu byggir á því að vega og meta niðurstöður sem fást úr umhverfismati framkvæmdarinnar og niðurstöður sem snúa að greiningum á afhendingaröryggi og hagkvæmni úr kerfisáætlun.

Með kerfisáætlun fylgir sérstök umhverfisskýrsla og kemur fram í henni að hún sé unnin í samræmi við lög nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Efnistöð skýrslunnar séu samkvæmt 14. gr. laganna sem og 6. gr. reglugerðar nr. 1381/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Einnig að: „Megintilgangur matsvinnunnar er að tryggja að tekið verði tillit til umhverfissjónarmiða við ákvarðanir um kerfisáætlunina, draga úr eða koma í veg fyrir neikvæð umhverfisáhrif og upplýsa um hugsanlegar afleiðingar af framkvæmd kerfisáætlunar á umhverfið.“ Í umhverfisskýrslu samþykkrar kerfisáætlunar kemur fram að aðeins einn valkostur komi til greina fyrir þessa Holtavörðuheildarlínu 3.

Þá kemur fram að áhrifamat muni skýrast þegar ný gögn eða rannsóknir liggja fyrir í umhverfismati framkvæmdarinnar. Þar muni jafnframt fara fram ítarlegri valkostagreining. Að mati Umhverfis- og orkustofnunar hefur slík valkostagreining farið fram og umfjöllun um hana í skýrslu um mat á umhverfisáhrifum fullnægjandi.

Umhverfis- og orkustofnun leggur áherslu á að við val á aðalvalkosti skuli halda umhverfisáhrifum í lágmarki jafnframt því að uppfylla meginmarkmið með framkvæmdinni sem er að auka afhendingaröryggi og afhendingargetu raforku á landinu og tryggja að flutningskerfið styðji við orkuskipti, atvinnuuppbyggingu og eðlilega þróun byggða.

Stofnunin telur að aðalvalkostur sem uppfyllir kröfur um aðalmarkmið í samþykktari kerfisáætlun Landsnets samræmist aðalvalkostum sem lagðir eru fram í skýrslunni um mat á umhverfisáhrifum. Gerir stofnunin ekki athugasemdir við umfjöllun um raforkuöryggi í skýrslunni.

Viðbrögð Landsnets

Áherslur Umhverfis- og orkustofnunar eru í samræmi við markmið Holtavörðuheildarlínu 3. Umsögn kallar ekki á viðbrögð Landsnets.

6 Atriði sem varðar rökstuðning valkosta og staka framkvæmdaþætti

6.1 Afstaða um aðalvalkosti

Blomstra ehf

Í umsögn segir:

„Blomstra ehf leggst alfarið gegn því að línan verði lögð yfir Holt land 1 (valkostur D1). Miklu nær væri að leggja línurnar fjarri byggð og eignarlöndum, þ.e. velja valkost A eða B og lágmarka þannig umhverfisáhrif.“

Jón Pétur Línal

Í umsögn segir:

„Ég er með tillögu að forgangs röðun valkosta.

Ég mæli eindregið með að valkostur A3 verði valinn fyrir fyrirhugaða línu, eða aðrir svipaðir valkostir af A og B gerðum. Þarna er farin tiltölulega stutt leið og fjárhagslega hagkvæm auk þess að sjónræn áhrif af línunni og áhrif á landnýtingu í byggð eru hvað minnst þarna.

Varðandi valkost Dhlykk þá er sú leið löng og dýr og í undirbúningsvinnu vegna vals á línustæði finnst mér áberandi að lítið er gert úr neikvæðum áhrifum svona línu í byggð. Ég las m.a. umsögn eigenda Þingeyra og tek undir það sem þar kemur fram.

Vilji hins vegar svo óheppilega til að Dhlykkur verði fyrir valinu vil ég leggja til að Dhlykkur og D3 verði línuleiðin, þ.e. að línán fari u.þ.b. frá Giljá að Svínavatni og upp með því eins og var til skoðunar. Þetta sparar talsverða peninga og styttr línuna og dregur úr efnisvinnslu og tilheyrandi raski. Og ekki er sjáanlegt að neitt sé neikvætt við línustæði D3 umfram Dhlykk.

Vilji svo einstaklega óheppilega til að enginn af ofangreindum valkostum verði ofaná þá fer ég fram á að þar sem línán á að liggja um Holtastaðareit verði hún látin fylgja landamerkjum milli Holtastaðareits og Tinda, helst Tinda megin við landamerkin. Það er hvort eð er gert ráð fyrir að hliðra línunni til við Gunnfríðarstaði til að sneiða hjá skóginum þar og lítið mál að framlengja eða auka þá hliðrun aðeins til að línán fari alveg úr landi Holtastaðareits. Það er nú þegar byggðalína sem fer um miðjan Holtastaðareit og stendur ekki til að fjarlægja hana í náinni framtíð. Bætist þessi nýja lína við í landinu fer að verða lítið eftir af því sem ekki er undir háspennulínu eða á áhrifsvæði hennar. Það finnst mér illt þegar engin sérstök þörf er á því að leggja línuna um þetta land.“

Júlíus Guðni Antonsson

Í umsögn segir:

„Tel mikilvægt að horfa til þess að línulögn í byggð er mikið lengri kostur og hefur mikil áhrif á svæði sem er í notkun, hefur mikil sjónræn áhrif á alla sem um héraðið fara eða þar búa. Þó leið A3 fari um lítt snert víðerni kemur framkvæmdin ekki til með að skerða umfang votlendis. Línulögn A3 gæfi alveg nýjan vinkel á þetta svæði sem auðveldaði aðgengi og nýtingu svæðisins. Vil minna á hugmyndir um girðingu frá Miðfjarðargirðingu austur að Blöndu til friðunar á Stórasandi. Slík framkvæmd kynni að virka sem mótvægisáðgerð þ.e. röskun á einu svæði festi í sessi frekari friðun á öðru. Á Víðidalstunguheiði er aðeins nefnd ein náma fyrir leið A3 (Haugakvíslaskáli) en tel eðlilegra að nota ásana efst í Moldbrekkunum. Línán liggur samkvæmt þessum kortum sunnan Sandfellskvíslar en ég teldi vænlegra að hnika henni örlítið þannig að hún þveraði Víðidalsá neðan ármóta Víðidalsár og Sandfellskvíslar og lægi norðan hennar austur í Moldbrekkur þannig sparast ein þverun á árfarvegi.“

Mæva Marlene Urbschat

Í umsögn segir:

„Undirrituð er fylgjandi lagningu D hlykks, enda er aukið rafafl og afhendingaröryggi forsenda vaxtar Blönduósbæjar, ekki síst aukinni atvinnuuppbyggingu þar. Með því að leggja nýja raflínu samhliða gömlu byggðalínunni milli Blönduvirkjunar og Laxárvatnsvirkjunar næst helst nauðsynlegt afhendingaröryggi í Húnabyggð, enda er endurnýjun gömlu línunnar ekki komin á dagskrá þó hún sé orðin hálfra aldar gömul, eða eins og segir í umhverfismatsskýrslu Landsnets: „núverandi línur eru komnar á 10-15 ára endurnýjunaráætlun, samkvæmt langtímaáætlun kerfisáætlunar 2023-2032 og verða endurnýjaðar þegar þörf krefur. Endurnýjun þeirra er sértæk framkvæmd óháð byggingu Holtavörðuheiðarlínu 3 og er ekki hluti af þessu umhverfismati“ (bls. 5-6 Umhverfismatsskýrsla.pdf).

Með samhliða línustæði gefst þann kost að geta tengt einstakar línukaflar ef þörf krefst þegar núverandi 50 ára gamla línán gefur sér á köflum er því um miklan hagsmun varðandi afhendingaröryggi fyrir Blönduósbæ að ræða.“

[...]

„Undirrituð tekur undir áhyggjur okkar færur sérfræðinga í náttúru Íslands af slæmu ástandi vistkerfa landsins og vöntun á viðeigandi mótaðgerðum, sem lýst er í neðangreindri heimild, þar sem meðal annars má finna þetta: “Líffræðileg fjölbreytni á Ísland er einstök og byggir á þáttum sem tengjast legu landsins og jarðfræðilegri sérstöðu. Þetta eru þættir eins og einstæð vistkerfi og samfélög, mótandi ferlar, breytileiki innan stofna og mjög stórir stofnar sumra tegunda. Þessi sérstaða er vernduð með lögum og alþjóðasamningum.” (sjá hér:

https://www.skogur.is/static/files/2021/Landaaetlun-drog/landsaetlun_skograekt_seralit_tgg_sj_27-apr-2021.pdf)

Með því að velja aðalvalkostinn D-hlykk næst helst ásættanlegur ávinningur fyrir sveitarfélagið, um leið og dýrmætri, lítið eða ekkert raskaðri náttúru er hlíft. Mikilvægast er að vernda heiðalöndin sem aðalvalkostur A3 liggur um sem og viðkvæm mýrlendi á leið A3 en einnig á leið D3, m.a. í

Svínadalnum og á jörð minni, Litla-Búrfelli. Nokkuð sverir birkistofnar hafa fundist í skurðarbörmum á Litla-Búrfelli, svo eigendur ganga út frá því að birkiskógur hafi verið á jörðinni áður fyrr. Auk lítt raskaðs votlendis er þar sem fyrr segir rekið stórt vistheimtarverkefni með birkiskógrækt. Samkvæmt alþjóðlegum samningum sem Ísland á aðild að heyrir svæði þar sem vistheimt með endurheimt birkiskóga fer fram til verndaðs landslags (<https://www.decadeonrestoration.org/>).

Vistheimtarverkefnið hófst með fríðun og seinna gróðursetningu birkiplantna fyrir nær þrem áratugum.

Línulagningin myndi skera það í tvennt eins og sjá má í uppdráttum af D3-valkosti fyrir línuleiðina frá Akri til Tunguness. Hver tilgangurinn er með lagningu D3-línunnar yfir áður nánast ósnortin landsvæði frá Akri, upp á Auðnufell og alla leið að Tungunesi er algerlega óskiljanlegt.“

Hnignun vistkerfa er alþjóðlegt vandamál, og því miður ekki síður á Íslandi en annars staðar. Því er vistheimt afar brýn. Aðeins fáar tegundir trjáa uxu hérlandis áður fyrr og er birki eina tegundin sem náði að mynda skóga, en náttúrulegir birkiskógar eru aðeins brot af því sem áður var.

Vegna mikilvægis birkisins brást fyrrverandi umhverfisráðherra við kalli um að taka Bonn áskoruninni og setti markið á að 5% landsins yrðu gróðursett með birki fyrir árið 2030. Bonn áskorunin er alþjóðlegt átak um endurheimt skóga, viðhald lífbreytileika þeirra og þar með þeirra svæða sem þeir standa á (<https://www.skogur.is/is/nyskograekt/skoggraedsluverkefni/bonn-askorunin>). Á Litla-Búrfelli er vel sýnilegt að vistheimtaverkefnið ber árangur þar sem allur gróðurinn er að ná sér á strík.

Mótvægisáðgerðir fyrir línusvæði með 150-200 metra breitt helgunarsvæði sem sker vistheimtaverkefnið í tvennt eru EKKI hugsanlegar, þar sem þetta vistheimtarverkefni er í raun sjálft mótvægisáðgerð. Auk þess værum sjálfsáðu plöntur strax að taka aftur yfir á gróðurlausu línusvæðinu – eins og áætlun er að allt land séu gróðri vaxin.

Við mótmælum hugmyndum um að leggja nýja slóða frá Svínvetningabrautinni beint inn í okkar land eins og lagt er til á korti nr. 20 í skýrslunni frá VSÓ Ráðgjöf (9/2024 Slóðar Holtavörðuheiðarlína 3 C_Vegslóðar.pdf). Með lagningu D3-línuna væru um hreint skemmdarverk á vistheimtarverkefni á Litla-Búrfelli að ræða.

Við reiknum EKKI með að veita samþykki fyrir lagningu D3-útfærslu Holtavörðuheiðarlínu 3 um okkar land.

Veidiréttareigendur Fremri Laxá

Í umsögn segir:

„Veidiréttarhafar við Fremri Laxá leggjast alfarið gegn því að línan verði lögð yfir og meðfram Fremri Laxá (valkostur D3). Miklu nær væri að leggja línurnar fjarri byggð og eignarlöndum, þ.e. velja valkost A eða B og lágmarka þannig umhverfisáhrif.

Gerður er fyrirvari um að frekari kröfur og mögulegar framtíðar bótakröfur veiðiréttareigenda á hendur framkvæmdaaðila valdi framkvæmdin varanlegu tjóni á lífríki árinna.“

Veidifélag Miðfirðinga

Í umsögn segir:

„Framkvæmdir sem þessar eru umfangsmiklar og ferlið langt og menn skiptast á skoðunum um línuleiðir og engin leið er eindregin. Byggðaleiðin (D1) liggur í byggð og fer í gegnum mikinn fjölda jarða og miklar líkur á að gerð samninga taki lengri tíma og flækjustigið verði víðtækara. Það gæti frestað framkvæmdinni um einhver misseri eða ár. Heiðaleiðin (A3) liggur á hinn bóginn um heiðalönd Húnvetninga og landeigendur þar eru sárafáir og ætti það að hraða samningagerð og raunar ferlinu öllu landi og þjóð til heilla. Á móti kemur að heiðaleiðin liggur um ósnortið land sem seint verður metið til fjár. Varðandi sýnileika þá verður heiðaleiðin sýnileg fáum þar sem færri fara þar um en byggðaleiðin sýnileg mörgum þar sem hún liggur á löngum köflum meðfram þjóðveginum. Auk þess ber að nefna að á byggðaleiðinni er farið yfir nokkuð af ræktuðu landi og umtalsvert af ræktunarlegu landi. Verðugt er að hafa það í huga til lengri og skemmri tíma en hvort tveggja er afar dýrmætt land og verður enn dýrmætara þegar fram líða stundir.

Þegar horft hefur verið á alla kosti í stöðunni er mat stjórnar Veidifélags Miðfirðinga að heiðalínuvalkosturinn sé eftirsóknarverðari himinn. Er þar einkum horft til einfaldari undirbúnings m.t.t. samninga- og leyfismála. Landið, sem þar er um rætt, er í meginatriðum í eigu sveitarfélaganna á lagnaleiðinni. Á móti kemur að þarna er að langmestu leyti um óraskað land að ræða ef frá eru talin mannvirki á borð við heiðagirðingar og heiðavegi. Þetta verða framkvæmdaaðilar að vera mjög

velmeðvitaðir um og halda öllu raski á viðkvæmum svæðum í lágmarki. Mikilvægt er í þessu sambandi að hafa heimamenn með í ráðum um heppilegustu lagnaleið á hverjum stað og tryggja góðan og vandaðan frágang í hvítvetna. Þá er vert að geta þess um sjónrænu áhrifin að staðurnar sem notaðar verða við línulögnina hafa minni sjónræn áhrif heldur en þau möstur sem áður hafa verið notuð. Þannig yrðu möstrin miklu meira áberandi í byggð þar sem þau lægju við hlið núverandi byggðalínu og heildar helgunarsvæði línanna yrðu þá afar breiðir rimar sem myndu takmarka nýtingu og notkun fjölda bújarða.“

Orkusalan

Í umsögn segir:

„Orkusalan bendir einnig á að línuleiðin A3 fer um land jarðarinnar Forsæludals á kafla vestan Friðmundarvatna. Félagið gerir ekki athugasemd við það og reiknar almennt séð með að veita leyfi fyrir því. Orkusalan tekur ekki afstöðu til þess hvor aðalvalkostur, þ.e. A3 eða D1h, er betri eða æskilegri á heildina litið, en bendir á að leið A3 er um 29 km styttri (85 km í stað 114 km) og áætlaður stofnkostnaður er 2.743 mkr. lægri en við leið D1h og óhjákvæmilega myndi viðbótarkostnaður við leið D1h lenda á notendum raforku á Íslandi.“

Veiðifélag Laxár á Ásum

Í umsögn segir:

„VLÁ leggst alfarið gegn því að línun verði lögð yfir Laxá á Ásum (valkostur D1). Miklu nær væri að leggja línurnar fjarri byggð og eignarlöndum, þ.e. velja valkosti A eða B og lágmarka þannig umhverfisáhrif.“

Húnaþing vestra

Í umsögn segir:

„Verkefni af þessari stærðargráðu er flókið og víst að sitt sýnist hverjum um legu mannvirkja sem þessa. Þegar kostir línuleiða eru skoðaðir þarf að vega og meta kosti og galla og ljóst að engin ein leið er gallalaus. Sú er raunin þegar þær tvær leiðir sem hér eru til umfjöllunar eru skoðaðar. Byggðalínuleiðin (D1) liggur í byggð og fer í gegnum mikinn fjölda jarða sem gerir samningagerð flóknari og tímafrekari. Dæmi eru um að slík verkefni geti tafist til margra ára með tilheyrandi fórnarkostnaði sem af því hlýst. Á heiðaleiðinni (A3) eru landeigendur hins vegar örfáir sem einfaldar samningagerð til muna sem ætti að geta hraðað ferlinu til hagsbóta fyrir landsmenn alla. Hins vegar er í tilfelli heiðarleiðarinnar farið í gegnum ósnortið land sem felur í sér verðmæti sem erfitt er að meta til fjár. Byggðalínuleiðin verður sýnileg miklum fjölda fólks en færri munu hins vegar sjá heiðaleiðina þar sem umferð fram til heiða er takmörkuð. Auk þess ber að nefna að á byggðalínuleiðinni er farið yfir nokkuð af ræktuðu landi og umtalsvert af ræktunarlegu landi. Þetta er mikilvægt að hafa í huga í bráð og lengd þar sem hvort tveggja er sérlega dýrmætt land og verður enn dýrmætara þegar fram líða stundir. Þegar hagsmunir eru vegnir og metnir er það mat byggðarráðs að heiðalínuvalkosturinn sé fýsilegri. Kemur það einkum til af því að hann er einfaldari í undirbúningi með tilliti til samningagerðar og leyfismála. Svæðin sem þar eru undir eru að mestu leiti í eigu sveitarfélaganna á svæðinu. Hins vegar verður að taka tillit til sérstöðu svæðisins við framkvæmdina og huga vel að því að halda öllu raski á viðkvæmu svæði í lágmarki. Á öllum stigum verður að hafa heimamenn með í ráðum um bestu mögulegar leiðir á hverjum stað og tryggja verður að frágangur verði eins og best verður á kosið. Einnig vegur það þungt í þessari skoðun byggðarráðs að staður þar sem notaðar verða við lagninguna hafa mun minni sjónræn áhrif úr fjarlægð en eldri gerð mastra. Í byggð yrðu þau mun meira áberandi við hlið núverandi byggðalínu þar sem helgunarsvæði línanna yrði orðið mjög breitt og yrði takmarkandi fyrir búrekstur fjölda jarða.“

Húnaþing norðra

Í umsögn segir:

„Þó að náttúruvernd sé ekki grunnforsenda athugasemda Húnaþingnorðra, þá verður að segjast að ef verkefnið er skoðað frá því sjónarhorni þá er byggðarleiðin margfalt betri kostur. Húnaþingnorðra hefur ítrekað bent á þessa staðreynd og á þann möguleika að vegna þess hversu slæmur kostur

hálandisleiðin er gangvart umhverfisáhrifum þá sé fyrirséð að um þessa framkvæmd náist lítil sátt í þjóðfélaginu. Það mundi þýða tafir sem kæmu svæðinu mjög illa þar sem núverandi ástand í orkumálum er óviðunandi. Frá gangsetningu Blönduvirkjunar eða í rúm 30 ár hefur ekki verið hægt að keyra virkjunina á fullum afköstum. Um 30MW er „föst“ þar sem orkudreifikerfið getur ekki flutt meiri orku frá virkjuninni. Að mati ráðgjafa sem sveitarfélagið hefur notað má gera ráð fyrir að söluverðmæti þessarar orku fyrir Landsvirkjun sé u.þ.b. einn milljarður á ári, sem tapast hefur í þessi 30 ár. Núverandi orkuaðgengi er því lítið og eina starfsemin (gagnaver) á svæðinu sem notar orku umfram venjulega iðnaðarnotkun hefur lent í skerðingum.“

Náttúruverndarstofnun

Í umsögn segir:

„Að mati Náttúruverndarstofnunar mun tillaga A3 hafa mun neikvæðari áhrif á þá umhverfisþætti sem fjallað er um í umhverfismatsskýrslu. Því leggur Náttúruverndarstofnun ríka áherslu á að valin verði sú leið sem fylgir núverandi mannvirkjabelti þegar farið er í gerð skipulags og gefið út framkvæmdarleyfi.“

[...]

Í ljósi ofangreinds og áhrifamati umhverfismatsskýrslu Landsnets telur Náttúruverndarstofnun telur valkost Dh vænlegri kost en A3 þar sem A3 krefst töluverðs óafturkræfs rasks á ósnortnu svæði.“

Náttúrufræðistofnun

Í umsögn segir:

„Ljóst að fyrir þá umhverfisþætti sem hér hefur verið fjallað um hafa nær allir valkostir framkvæmdarinnar neikvæð umhverfisáhrif – oftast nokkuð eða talsvert neikvæð. Einungis áhrif línuleiðar D á óbyggð víðerni og vatnalíf eru metin óveruleg. Hvaða valkostur verði endanlega fyrir valinu felur í sér að huga þarf mjög vandlega að því að draga sem mest úr þessum neikvæðu áhrifum. Einnig er skýrt að línuleiðir D um láglendi eru alla jafna metnar með minni umhverfisáhrif en línuleiðir A og B um heiðasvæðin fyrir þá umhverfisþætti sem hér hefur verið fjallað um með og í þeim tilfellum sem svo er ekki, með álíka mikil áhrif. Að mati Náttúrufræðistofnunar er því skýrt að til að draga úr neikvæðum áhrifum á þessa umhverfisþætti er varða náttúrufar svæðanna, ætti að velja línuleið D umfram línuleiðir A og B.

Lokaniðurstaða umhverfismatsskýrslunnar er að leggja fram til tvo mögulega en ólíka aðalvalkosti til frekari skoðunar, valkost A3 sem liggur að miklu leyti um lítt snortin heiðalönd og valkost Dh (D1 með hlykk) sem liggur aðallega á láglendi og fylgir að mestu núverandi byggðalínu. Samanburður á þessum tveimur valkostum sérstaklega gefur til kynna að neikvæð áhrif framkvæmda séu meiri vegna valkostar A3 fyrir þá umhverfisþætti sem fjallað er um í þessari umsögn, einkum á óbyggð víðerni, sem og gróðurfar, fuglalíf, vatnalíf og náttúru- og hverfsivernd. Það er ekki síst vegna þess að um að mestu ósnortin svæði er að ræða og nær öll mannvirkjagerð og rask þeim tengt, línumannvirki, línuvegir og efnistökusvæði eru meira og minna allt nýjar framkvæmdir. Minni munur er á áhrifum á jarðmyndanir og landslag og ásynd.

Ýmis nokkuð eða talsvert neikvæð áhrif munu þó fylgja framkvæmd D-hlykks, og taka þarf tillit til staðbundinna aðstæðna þar þegar kemur að útfærslum á hönnun og framkvæmd og nauðsynlegum mótvægisáðgerðum. Það á við um landslag og ásynd og rask á gróðri, búsvæðum fugla og annarra lífvera og jarðminjum m.a. á náttúruverndarsvæðum. Sérstaklega ber að nefna mikilvægi þess að huga að mótvægisáðgerðum til að draga úr áflugi fugla því á D-leiðinni eru mikilvæg fuglasvæði og flugleiðir fyrir viðkvæmar tegundir eins og haförn, álftrir, gæsir og endur. Náttúrufræðistofnun vill ítreka að líklega er mat af áhrifum D-línuleiðar á fuglalíf vanmetið í umhverfismatinu þar sem gera þarf betur grein fyrir áhættu af áflugi fyrir haförn.

Þrátt fyrir að það að ýmsu þurfi að huga varðandi valkost D-hlykk, til að draga úr neikvæðum áhrifum á náttúru, ekki síst fuglalíf, þá er það mat Náttúrufræðistofnunar að D-hlykkur sé mun æskilegri valkostur en valkostur A3, ef að framkvæmd Holtavörðuheidiarlínu 3 á þann hátt sem henni er lýst í umhverfismatsskýrslunni sé yfir höfuð óumflýjanleg framkvæmd til að tryggja flutningsöryggi raforku. Umfangsmikið rask á lítt snortnum heiðasvæðum sem valkostur A3 fæli í sér, þar sem eru sum stærstu samfelldu votlendissvæði landsins, mikilvæg búsvæði fugla af ýmsum toga og víðáttumikil ósnortin víðerni, vegur þyngst að mati Náttúrufræðistofnunar hvað afstöðu stofnunarinnar varðar.“

Forsætisráðuneytið

Í umsögn segir:

„Ráðuneytið vísar til umsagnar Náttúrufræðistofnunar en þar segir m.a. "Að mati Náttúrufræðistofnunar er því skýrt að til að draga úr neikvæðum áhrifum á þessa umhverfisþætti er varða náttúrufar svæðanna, ætti að velja línuleið D umfram línuleiðir A og B." Ráðuneytið tekur undir það sem Náttúrufræðistofnun segir“

[...]

“Í umsögn Náttúrufræðistofnunar segir einnig "Þrátt fyrir að það aðýmsu þurfi að huga varðandi valkost D-hlykk, til að draga úr neikvæðum áhrifum á náttúru, ekki síst fuglalíf, þá er það mat Náttúrufræðistofnunar að D-hlykkur sé mun æskilegri valkostur en valkostur A3, ef að framkvæmd Holtavörðuheidiarlínu 3 á þann hátt sem henni er lýst í umhverfismatsskýrslunni sé yfirhöfuð óumflýjanleg framkvæmd til að tryggja flutningsöryggi raforku" Ráðuneytið tekur undir það sem fram kemur í umsögn Náttúrufræðistofnunar og telur mikilvægt að hlustað sé á þegar fagstofnanir eins og Náttúrufræðistofnun eiga í hlut.”

[...]

“Ráðuneytið vísar til umsagnar Náttúruverndarstofnunar en þar segir m.a. "Leið D fer um núverandi mannvirkjabelti sem er þegar raskað, sem einkennist af landbúnaðarlandi, túnum, þjóðvegum, rafmagnslínunum, efnistökusvæðum, byggingum og öðrum mannvirkjum. Leið A fer um óraskað svæði sem einkennist af óbyggðum, votlendi, fuglasvæðum, víðernum og heiðarlandslagi. Að mati Náttúruverndarstofnunar mun tillaga A3 hafa mun neikvæðari áhrif á þá umhverfisþætti sem fjallað er um í umhverfismatsskýrslu. Því leggur Náttúruverndarstofnun ríka áherslu á að valin verði sú leið sem fylgir núverandi mannvirkjabelti þegar farið er í gerð skipulags og gefið út framkvæmdarleyfi. Ráðuneytið leggur áherslu á að farið sé eftir því sem stofnunin segir og að hlustað sé á þegar fagstofnanir eins og Náttúruverndarstofnun eiga í hlut.”

[...]

„Jafnframt segir í umsögn Náttúruverndarstofnunar að. Náttúruverndarstofnun tekur undir niðurstöður um áhrif valkostanna á óbyggð víðerni (tafla 15.6 í umhverfismatsskýrslu) þar sem valkostir D-hlykkur og D3 hafa lítil áhrif á beina skerðingu víðerna en valkostir A og B hafa mikil áhrif sem breytir lykileinkennum landslags heiðanna. Náttúruverndarstofnun áréttar mikilvægi þess að standa vörð um óbyggð víðerni landsins og þeim hlíft við tæknilegum ummerkjum svo sem raflínunum. Valkostir D liggja um svæði þar sem nú þegar gætir áhrifa mannvirkja og mannvistarlandslags og um svæði þar sem nú þegar gætir áhrifa raflínu. Í ljósi ofangreinds og áhrifamati umhverfismatsskýrslu Landsnets telur Náttúruverndarstofnun telur valkost Dh vænlegri kost en A3 þar sem A3 krefst töluverðs óafturkræfs rasks á ósnortnu svæði." Ráðuneytið telur mikilvægt að hlustað sé á sjónarmið Náttúruverndarstofnunar hvað þetta varðar.“

Viðbrögð Landsnets

Ofangreindar umsagnir fela í sér afstöðu hagaðila og fagstofnana til aðalvalkosta. Í umsögnum endurspeglast ólík sjónarmið um áhrif framkvæmdarinnar á náttúru, samfélag og orkuöryggi, sem eru mikilvæg við ákvörðun um endanlega útfærslu línunnar. Þær varpa ljósi á bæði kosti og áskoranir mismunandi valkosta og veita mikilvægar upplýsingar sem munu hafa áhrif á lokaákvörðun um línuleið.

Í ofangreindum umsögnum eru ábendingar um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar, þar á meðal áhrif á skógrækt, ásynnd, vatnalíf, víðerni og fuglalíf. Þar sem við á er vísað í viðeigandi kafla hér að framan, þar sem sambærilegar athugasemdir hafa verið teknar til greina og brugðist hefur verið við þeim. Hvað varðar ábendingar um friðun Stóra Sands er bent á kafla 2.3 og ábendingar hvað varðar afhendingaröryggi er bent á kafla 5.4.

Niðurstaða umhverfismatsskýrslu er að valkostir A3 og D-hlykkur komi mest til móts við þá meginþætti sem Landsnet horfir til við ákvörðun um aðalvalkost, eins og fjallað er um í kafla 5 í umhverfismatsskýrslu. Ekki er stefnt að því að skoða valkost D3 í frekari undirbúningi framkvæmdar.

Þegar ákvörðun liggur fyrir um aðalvalkost mun Landsnet taka samtalið við landeigendur um staðsetningar innan þeirra landareigna. Á þeim vettvangi verður hægt að óska eftir því að hliðra framkvæmdinni til. Allar beiðnir um breytingar verða skoðaðar og hvort þær uppfylli markmið framkvæmdar. Það er von Landsnets að í þeirri undirbúningsvinnu sem tekur við að loknu álitu Skipulagsstofnunar um umhverfismatið og ákvörðun um aðalvalkost, náist farsæl lausn um Holtavörðuheildarlínu 3.

6.2 Jarðstrengur

Veiðifélag Laxár á Ásum, Blomstra ehf og Veiðiréttareigendur Fremri Laxá

Í umsögn segir:

„Valkostagreining. Í umhverfismatið vantar að meta þann valkost að leggja línuna í jörð beggja vegna Laxár á Ásum til að minnka þau áhrif sem mannvirkið hefur á lífríkið og starfsemi við ána. Á þessum stað er uppfyllt skilyrði Landsnets um „að sérstakar aðstæður“ séu til staðar varðandi mögulegan jarðstreng. Vakin var athygli á því að jarðstrengur væri æskilegur valkostur við ána í vinnustofu sem Landsnet hélt. Það að þennan valkost vanti í matið telst galli á matinu sem uppfyllir þar með ekki fyrirmæli í 1. mgr., c lið, 22.gr, c lið, laga nr. 111/2021.“

Viðbrögð Landsnets

Í 1. mgr., c lið, 22.gr. laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana kemur fram að umhverfismatsskýrsla skuli innihalda „lýsingu og mat á raunhæfum valkostum sem framkvæmdaraðili hefur kannað og upplýsingar um helstu ástæður fyrir þeim valkosti sem var valinn, með tilliti til umhverfisáhrifa framkvæmdarinnar.“ Ítarleg valkostagreining var unnin á matsáætlunarstigi þar sem tillaga að valkosti sem felur í sér jarðstrengi var vinsuð út þar sem valkosturinn er ekki raunhæfur í 220 kV kerfi. Umhverfismatið uppfyllir því þessi skilyrði.

Í stefnu stjórnvalda um lagningu raflína kemur fram að þegar um meginflutningskerfi raforku er að ræða, eins og í tilfelli Holtavörðuheildarlínu 3, skal meginreglan vera sú að notast sé við loftlínur. Í stefnunni kemur einnig fram við hvaða aðstæður meta skuli jarðstrengi. Þær eru ef línuleið liggur (1) innan þjóðgarðs, (2) innan skilgreinds þéttbýlis, sbr. skilgreiningu á þéttbýli í 2. gr. skipulagslaga, (3) við flugvöll þar sem sýnt er að loftlína geti haft áhrif á flugöryggi, (4) innan friðlands sem er verndað af öðrum sökum, skv. 50. gr. laga um náttúruvernd og (5) innan friðlands sem verndað er sökum sérstaks landslags. Ekkert svæði á áformaðri línuleið Holtavörðuheildarlínu 3 fellur innan framangreindra viðmiða.

6.3 Markmið framkvæmdar

Húnabyggð

Í umsögn segir:

„Tekið saman þá virðist það vera þannig að þau sjónarmið sem liggja fyrir og áhersla er lögð á við hönnun þessa verkefnis sé nær eingöngu á forsendum stórnotenda og að aðferðafræðin sé að einfalda kerfið milli framleiðslu og stórnotenda í orkudreifikerfinu. Það eru að sjálfsögðu sterk rök og einfalt að setja fram hagkvæmni slíkrar nálgunar, en ef þetta er það sem skiptir mestu máli þurfa önnur sjónarmið að víkja eins og t.d. sjónarmið um byggðapróun, umhverfismál og stuðning við nærsamfélagið. Það er að mati Húnabyggðar ekki ásættanlegt og þess vegna leggur Húnabyggð á það áherslu að byggðalínuleiðin verði valin.“

Viðbrögð Landsnets

Landsnet leggur áherslu á að styrkja og þróa flutningskerfi raforku á landsvísu, með það að markmiði að tryggja afhendingaröryggi fyrir öll samfélög og atvinnulíf, óháð stærð notenda. Framkvæmdin er ekki sérstaklega ætluð stórnotendum, heldur er hún hluti af heildstæðri uppbyggingu flutningskerfisins sem stuðlar að auknu raforkuöryggi fyrir almenning, fyrirtæki og sveitarfélög. Valkostirnir tveir byggja

á ólíkum forsendum og hafa hvor um sig kosti og áskoranir, en báðir valkostir samræmast þeim kröfum sem Landsnet þarf að uppfylla við uppbyggingu flutningskerfisins og munu bæta afhendingaröryggi raforku á byggðalínusvæðinu með því að styrkja tengingar við afhendingarstaði á meginflutningskerfinu sem jafnframt eru tengipunkturar við svæðisbundnu flutningskerfin.

6.4 Samningar við landeigendur

Húnabyggð

Í umsögn segir:

„Þau rök sem heyrst hafa frá Landsneti að það sé einfaldara að semja við landeigendur á hálendisleiðinni, sem eru þrír (ríkið, Húnabyggð og Húnaþing vestra), miðað við um og yfir 120 landeigendur á byggðarlínuleiðinni, eru í ljósi orkuöryggis til framtíðar atvinnuuppbyggingar samfélaganna á svæðinu hjákátleg. Það getur ekki verið þannig að einstaka landeigendur jarða geti komið í veg fyrir framtíðar atvinnuuppbyggingu og þróun þeirra samfélaga sem þeir búa í og njóta þjónustu af. Ennþá síður að opinbert fyrirtæki setji slíka hagsmuni ofar þróun byggða í landinu.“

Viðbrögð Landsnets

Landsnet leggur áherslu á að tryggja stöðugan og öruggan aðgang að raforku, bæði fyrir nærsamfélagið og landið í heild til framtíðar. Val á leið byggir á heildstæðu mati þar sem vegin eru saman umhverfisleg, tæknileg og samfélagsleg sjónarmið ásamt kostnaði. Landsnet mun áfram vinna að lausn sem jafnar orkuöryggi og samfélagslegar þarfir í góðu samráði við hagsmunaaðila á svæðinu. Fyrirtækið vonast til að með áframhaldandi undirbúningsvinnu, í kjölfar álits Skipulagsstofnunar og ákvörðunar um aðalvalkost, takist að ná farsælli niðurstöðu um framkvæmdina.

6.5 Umfjöllun um orkuskipti og orkusparnað

Umhverfis- og orkustofnun

Í umsögn segir:

„Í kafla 19.1 kemur fram að í mati á áhrifum valkosta á vatnshlot og vatnsvernd er leitast við að svara eftirfarandi matsspurningum: Hvernig samræmist uppbygging Holtavörðuheidiarlínu 3 aðgerðaáætlun stjórnvalda um orkuskipti og hvernig samræmist framkvæmdin áformum um orkuskipti á Íslandi? Fram kemur í kafla 19.5 að allir valkostir koma til móts við aðgerðaáætlun stjórnvalda um orkuskipti og orkustefnu til 2050. Umhverfis- og orkustofnun telur umfjöllun um orkuskipti fullnægjandi.“

„Í kafla 19.4 kemur fram að helstu áhrifaþættir valkosta Holtavörðuheidiarlínu 3 á loftslag felast m.a. í minnkun flutningstapa. Á rekstrartíma eru stærstu þættirnir í kolefnisspori raforkuflutningskerfisins flutningstöp (26%). Umhverfis- og orkustofnun telur að framkvæmdin hafi jákvæð áhrif á nýtingu orku með minnkun flutningstapa og telur að umfjöllun um orkusparnað og nýtingu orku sé fullnægjandi.“

Viðbrögð Landsnets

Umsögn kallar ekki á viðbrögð Landsnets.